



**Íslenskt orðskilningspróf fyrir fjögurra til átta ára börn:  
Þýðing og staðfærsla PPVT-4**

Valgerður Ólafsdóttir

**Lokaverkefni til cand. psych.-gráðu  
Háskóli Íslands  
Heilbrigðisvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Íslenskt orðskilningspróf fyrir fjögurra til átta ára börn:**  
***Þýðing og staðfærsla PPVT-4***

Valgerður Ólafsdóttir

Lokaverkefni til cand. psych.-gráðu í sálfræði  
Leiðbeinandi: dr. Einar Guðmundsson  
Meðleiðbeinandi: dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir

Sálfræðideild  
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar, 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til cand. psych. gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Valgerður Ólafsdóttir 2011

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland 2011

Hluti bandaríska orðskilningsprófsins Peabody Picture Vocabulary Test (PPVT-4) var þýddur og staðfærður á íslensku í þeim tilgangi að úr yrði próf fyrir 4-8 ára börn. Þýðing, staðfærsla og mat á áreiðanleika og réttmæti mælitækisins fór fram í fjórum verkþáttum. Í fyrsta þætti voru prófatriði þýdd, staðfærð og forprófuð á 45 börnum, fædd 2000, 2002 og 2004, með það að markmiði að kanna hvort prófatriði og svarmöguleikar þeirra hentuðu hérlendis og að raða þýddum atriðum í íslenska þyngdarröð. Í öðrum verkþætti voru léttustu og þyngstu atriði úr fyrstu forprófun lögð fyrir 31 barn fædd 2005 og 1999 til þess að raða þeim í nákvæmari þyngdarröð. Einnig voru lögð drög að byrjunar- og stoppreglum prófsins. Í þriðja verkþætti var þýtt og staðfært matstæki lagt fyrir 55 börn, fædd 2000 og 2004, með það að markmiði að raða atriðum prófs í endanlega þyngdarröð, meta þau atriði sem höfðu verið endurskoðuð, leggja mat á byrjunar- og stoppreglur auk þess sem hugað var að áreiðanleika og réttmæti mælitæksins. Að þessari þýðingar- og staðfærsluvinnu lokinni var mælitækið lagt fyrir 117 börn fædd 2002 og 2004, sem voru þátttakendur í rannsókninni „Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára“ sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands (númer rannsóknar: 08064802; verkefnisstjóri: Hrafnhildur Ragnarsdóttir). Niðurstöður rannsóknar sýndu að prófið greinir munur á orðaforða barna eftir fæðingarári, en ekki sást munur á frammistöðu innan árgangs. Líklegt er að í stærra úrtaki kæmi fram munur milli smærri aldurshópa. Helmingunaráreiðanleiki var hár og sambærilegur áreiðanleika PPVT-4. Vísbendingar um viðunandi viðmiðsréttmæti fengust þar sem prófið hafði fylgni við próf sem meta málþroska eða eru þekkt fyrir að tengjast málþroska, en ekki var fylgni milli prófsins og prófa sem meta sjálfstjórn.

## **Þakkarorð**

Ég þakka dr. Einari Guðmundssyni fyrir leiðsögn og þolinmæði. Dr. Hrafnhildi Ragnarsdóttur þakka ég líka af öllu hjarta fyrir samvinnu og aðstoð. Mömmu þakka ég kærlega fyrir prófarkalestur og Önnu Helgu og Bjarka á Tölfræðimiðstöð þakka ég fyrir ráðgjöf. Síðast en ekki síst þakka ég öllum börnunum sem tóku þátt í rannsókninni, kennurum þeirra og skólastjórum og starfskonum Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi sem aðstoðuðu mig við fyrirlagnir.

<b>Útdráttur</b> .....	<b>1</b>
<b>Þakkarorð</b> .....	<b>2</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>Hvaða máli skiptir orðaforðinn?</b> .....	<b>6</b>
Orðaforði og læsi.....	8
<b>Að meta orðaforða</b> .....	<b>9</b>
Orðaforðapróf .....	10
Orðaforðapróf á Íslandi .....	12
Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa .....	13
Vinnubrögð við þýðingu og staðfærslu sálfræðilegra prófa.....	14
<b>Peabody Picture Vocabulary Test (PPVT-4)</b> .....	<b>19</b>
Þróun Peabody Picture Vocabulary Test .....	21
Áreiðanleiki PPVT-4 .....	23
Réttmæti PPVT-4 .....	25
<b>Rannsóknarmarkmið</b> .....	<b>27</b>
<b>Gagnasafn 1</b> .....	<b>29</b>
<b>Aðferð</b> .....	<b>29</b>
Þátttakendur .....	29
Mælitæki.....	30
Framkvæmd .....	33
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>34</b>
<b>Umræða</b> .....	<b>36</b>
<b>Gagnasafn 2</b> .....	<b>37</b>
<b>Aðferð</b> .....	<b>38</b>
Þátttakendur .....	38
Mælitæki.....	38
Framkvæmd .....	38
<b>Niðurstöður og umræða</b> .....	<b>39</b>
<b>Gagnasafn 3</b> .....	<b>41</b>
<b>Aðferð</b> .....	<b>41</b>
Þátttakendur .....	41

Mælitæki.....	42
Framkvæmd.....	42
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>42</b>
<b>Umræða.....</b>	<b>46</b>
<b>Gagnasafn 4 .....</b>	<b>49</b>
<b>Aðferð .....</b>	<b>49</b>
Þátttakendur.....	49
Mælitæki.....	51
Framkvæmd.....	52
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>52</b>
<b>Umræða.....</b>	<b>57</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>63</b>
<b>Viðauki 1a .....</b>	<b>67</b>
<b>Viðauki 1b .....</b>	<b>68</b>
<b>Viðauki 2 .....</b>	<b>69</b>
<b>Viðauki 3 .....</b>	<b>70</b>
<b>Viðauki 4 .....</b>	<b>74</b>
<b>Viðauki 5 .....</b>	<b>78</b>
<b>Viðauki 6 .....</b>	<b>82</b>
<b>Viðauki 7 .....</b>	<b>86</b>
<b>Viðauki 8 .....</b>	<b>92</b>

Þegar ætlunin er að fjalla um hvernig meta skuli orðaforða er gagnlegt að skilgreina hvað orðaforði er og hvað það þýðir að þekkja orð. Samkvæmt Íslenskri orðabók (2002) er orðaforði *sá fjöldi orða sem einhver þekkir (hefur tiltækan) eða er til í einhverju máli*. Við rannsóknir eða mat á orðaforða fólks þarf þó nánari skilgreiningu en þetta.

Almennt skilur fólk mun fleiri orð, hvort sem það heyrir þau eða les þau, heldur en það notar munnlega eða skriflega. Skilningur kemur þannig yfirleitt á undan tjáningu, enda fylgja ýmsar vísbendingar um merkingu oft með úr umhverfinu þegar hlustað er eða lesið (Pearson, Hiebert og Kamil, 2007).

Ljóst er að orðaforði er af tvennum toga. Annars vegar býr fólk yfir þekkingu á orðum sem það getur tjáð á skiljanlegan máta, munnlega eða skriflega (e. *expressive vocabulary*). Hins vegar býr það yfir þekkingu á orðum sem það skilur, annað hvort með því að heyra orðin eða lesa, jafnvel þótt það noti orðin ekki munnlega eða skriflega (e. *receptive vocabulary*). Stöðluð próf sem meta málþroska skoða ýmist aðra af þessum gerðum orðaforða eða báðar (Sattler 2001).

Heilbrigð börn fæðast með þann hæfileika að læra tungumál og fyrirmyndir, eins og foreldrar og eldri systkini, hafa einna mest áhrif á orðaforða, setningafræði og málfræði barnsins fyrstu árin (Sattler 2001). Rannsóknir hafa sýnt að á aldrinum tveggja og hálfis til sex ára vex orðaforði meðalbarns um 3,6 orð á dag og á aldrinum 6 til 8 ára vex hann tvöfalt hraðar (Bloom, 2000). Rannsóknir sýna hins vegar líka að mikill einstaklingsmunur er á milli jafn gamalla barna á mörgum sviðum málþroska, til dæmis orðaforða, þegar þau hefja skólagöngu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004) og að ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana eykst munurinn með aldrinum og áhrif hans koma fram í þróun læsis og í námsárangri (Biemiller, 1999).



## Hvaða máli skiptir orðaforðinn?

Ríkulegur orðaforði er áunnin hæfni. Orðaforði fólks verður til í samskiptum þess við umhverfið, bæði í skóla og utan hans. Mun á orðaforða milli jafnaldra má auðvitað að hluta rekja til þeirrar augljósu staðreyndar að engir tveir eru eins frá náttúrunnar hendi, en ljóst er að hann má að verulegu leyti skýra með mismunandi uppeldisaðstæðum og tækifærum til náms, bæði á heimilum og í skóla (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009).

Orðin sem börn læra ráðast því fyrst og fremst af því hvernig tungumál þau heyra. Engu að síður hefur orðaforði löngum verið bendlaður við hugræna getu og greindarpróf innihalda iðulega undirpróf sem kanna orðaforða (Dunn og Dunn, 2007). Bent hefur verið á að þótt orðaforði tengist víðtækari málhæfni sem mæld er á greindarprófum, þá virðist hann samt að einhverju leyti vera sértækt, aðskilið fyrirbæri. Þótt fylgni sé á milli orðaforða og almennrar greindar er mikilvægt að hafa í huga að orðaforði lærist og því getur skortur á örvun úr umhverfi skýrt slakan orðaforða, ekki síður en skortur á greind (Dunn og Dunn, 2007; Pankratz, Morrison og Plante, 2004). Orðaforðapróf er því ekki hægt að nota eitt og sér til að leggja mat á hugræna getu fólks, þó það geti vissulega rennt stoðum undir niðurstöður annarra kunnáttu- eða hæfnisprófa.

Orðaforðanám er langt frá því að vera einfalt. Til að börn læri ný orð, jafnvel einföldustu orð á hlutum, þarf margs konar hugræna getu, bæði mállega og félagslega (Bloom, 2000). Undanfarið hefur ákveðinn félagslegur þáttur í orðanámi verið fræðimönnum hugleikinn, nánar tiltekið hin svokallaða kenning um hugann (*e. theory of mind*), eða sá hæfileiki mannsins að geta sett sig í spor annarra og skilið að annað fólk getur hugsað ólíkt manni sjálfum. Fræðimenn eru jafnvel á því að þessi hæfileiki

sé forsenda þess að börn læri að tala. Einhverf börn eru iðulega með málhömlun og þau eiga einnig erfitt með að átta sig á hvernig annað fólk hugsar og átta sig á sjónarhorni annarra. Börn með Williams heilkenni, sem allajafna eru talsvert greindarskert, eru hins vegar oft með ágætan málþroska. Orðaforði þeirra er nær því sem gera mætti ráð fyrir miðað við aldur þeirra í árum heldur en miðað við greindaraldur þeirra samkvæmt greindarprófum. Börn með Williams heilkenni virðast einnig vera með góða félagsfærni og átta sig á hugsunum annarra. Fræðimenn telja hugsanlega skýringu á þeim mun sem sést á málþroska einhverfra barna og barna með Williamsheilkenni vera að einhverf börn séu síður með kenningu um hugann, geti síður sett sig í spor annarra heldur en börn með Williams heilkenni (Bloom, 2000). Þetta er stutt enn frekari rökum með þeirri staðreynd að einhverfir eru misfærir í að setja sig í spor annarra, en eftir því sem hæfileikinn til að skilja aðra er meiri, þeim mun betri er málþroski þeirra (Byrnes og Wasik, 2009).

Það eru auðvitað ekki aðeins einhverf börn sem víkja frá meðallaginu í orðaforðanámi. Fyrir utan þau börn sem þroskast almennt hægt á öllum sviðum er talsverður hópur barna með afmarkaða námsörðugleika á málsviði, svokallaða sértæka málþroskaröskun. Börn með sértæka málþroskaröskun víkja frá meðallagi á að minnsta kosti tveimur þáttum í málþroska, en allir aðrir þroskaþættir, til dæmis hreyfi- og vitsmunarþættir og líffræðilegur þroski, eru innan dæmigerðra viðmiðunarmarka. Algengt er að börn með sértæka málþroskaröskun séu seinni að byrja að tala en jafnaldrar og lengur að tileinka sér nægilega mörg orð til að byrja að nota málfræði og setningafræði; þau læra m.a. grunnorðaforða hægar og þau eru lengur að læra merkingu óhlutbundinna orða en önnur börn (Þóra Sæunn Úlfsdóttir, 2010). Börn með málþroskafrávik læra hægar að lesa en börn með dæmigerðan þroska þótt þroskaferill lestrarnámsins sé sá sami og annarra. Þau hefja lestrarnámið eins og önnur börn, en

dragast aftur úr þegar lesefni fer að þyngjast og orðaforði að aukast. Það er tiltölulega auðvelt fyrir kennara og foreldra að finna börn sem eiga við umskráningarvanda (vanda í hljóðkerfisvitund) að stríða, en það getur hins vegar verið erfitt að sjá í upphafi lestrarnáms hvaða nemendur eiga eftir að glíma við lesskilningsvanda (Bjarney Sigurðardóttir, 2010) sem kemur ekki fram að ráði fyrir en reyna tekur á orðaforða barnanna, þegar textinn sem þau lesa er farinn að þyngjast.

### **Orðaforði og læsi**

Það eru ekki ný sannindi að sterk tengsl eru milli orðaforða og lesskilnings. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á það (Dunn og Dunn, 2007). Lestrar- og skriftarnám barna er háð orðaforða þeirra. Það gefur augaleið að til þess að geta lesið þarf skilning á þeim orðum sem ritmálið er samsett úr og til að geta skrifað er nauðsynlegt að kunna orð og geta komið þeim frá sér (Ricketts, Nation og Bishop, 2007). Það má orða þetta sem svo að lestur sé hlutmengi í hlustun og skrift hlutmengi í tali (Sattler, 2001). Þannig er ekki úr vegi að álykta að gagnkvæmnissamband sé á milli lesturs og orðaforða. Fólk hlýtur að læra ný orð við lestur og með því að rýna í samhengi texta (Beck, Perfetti og McKeown, 1982). Rannsóknir hafa líka sýnt að eftir því sem fólk les meira, þeim mun meiri er orðaforði þess (Dunn og Dunn, 2007) og að börn sem eru með slakan lesskilning eru einnig gjarnan með slakan orðaforða (Nation, Clarke, Marshall og Durand, 2004) auk þess sem þau eiga erfitt með að nota samhengi texta til að álykta um merkingu orða sem þau kunna ekki (Cain, Oakhill og Lemmon, 2004). Börn með slakan orðaforða eiga því oft í erfiðleikum með að skilja ritmál. Þessir erfiðleikar geta haft þau áhrif að þau forðast að lesa og afleiðingin orðið vítahringur, þar sem orðaforði eykst ekki jafn mikið og hjá jafnöldrum sem lesa meira. Þetta grefur enn frekar undan þróun lestrargetu barnsins. Það er því brýnt að

orðaforði barna sé auðgaður markvisst og að börnum sé valið lesefni í samræmi við orðaforða þeirra (Dunn og Dunn, 2007).

Orðaforði getur ýtt undir árangur í lestrarnámi á fleiri vegu. Til dæmis hafa rannsóknir á enskumælandi börnum sýnt að eftir því sem börn búa yfir meiri orðaforða, þeim mun færari eru þau í að greina einstök hljóð orða (Goswami, 2001; Metsala og Wally, 1998). Þau hafa með öðrum orðum betri hljóðkerfisvitund, en mikilvægi hljóðkerfisvitundar í lestrarnámi hefur lengi verið þekkt (Lieberman og Shankweiler, 1991; Lundberg og Höien, 1991; Goswami og Bryant, 1990). Slök hljóðkerfisvitund virðist vera ein algengasta ástæða þess að börn eiga í erfiðleikum með lestur (Vellutina, Fletcher, Snowling og Scanlon, 2004) og reynslan hefur sýnt að þjálfun hljóðkerfisvitundar bætir lestur og lesskilning (Byrne, Fielding-Barnsley og Ashley, 2000).

### **Að meta orðaforða**

Ljóst er að orðaforði er einn þáttur af nokkrum sem getur gefið okkur vísbendingar um málhæfni fólks, hversu gott vald það hefur á tungumálinu (Dunn og Dunn, 2007). Einnig eru tengsl orðaforða og lestrarnáms þekkt. Uppeldisstéttir verða sífellt meðvitaðri um gildi snemmtækrar íhlutunar ef útlit er fyrir að börn þroskist ekki á við jafnaldra. Vitundarvakning varð fyrir nokkrum árum um nauðsyn þess að greina sem fyrst börn í áhættuhópi vegna slakrar hljóðkerfisvitundar og er íslenskt mælitæki, HLJÓM-2 (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir), nú lagt fyrir nær öll börn á síðasta ári í leikskóla. Í framhaldinu er gripið til ráðstafana, ef tilefni þykir til. Hins vegar hefur skort á meðvitund uppeldisstétta um mikilvægi orðaforða og orðræðufærni barna fyrir lestrarnám síðar meir. Orðaforði barna er ekki athugaður markvisst í leikskólum eins og hljóðkerfisvitundin, þótt ljóst sé að hann

spái fyrir um lestrarnám og málþroska almennt. Hætta er á að dregnar séu misvísandi eða alrangar ályktanir þegar afmarkaðir þroska- eða færniþættir eru mældir án tillits til annarra. Þannig geta inngrípsaðgerðir snúist upp í andstæðu sína, t.d. ef barn með víðtæka málþroskaseinkun er greint með sértæka röskun á afmörkuðum þætti og fær meðferð samkvæmt því (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009).

Rannsókn sem Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2004) gerði á 165 börnum á síðasta ári í leikskóla sýndi að langflest þeirra barna sem greindust í áhættuhópi á HLJÓM-2 prófinu voru jafnframt mjög slök í frásagnarhæfni og fleiri þáttum málþroska sem reynir á í frásögn. Niðurstöðurnar benda til þess að stór hluti þeirra barna sem greinast í áhættuhópi á HLJÓM-2 eigi við mun víðtækari málþroskaseinkun að etja en slaka hljóðkerfisvitund. Það er því full ástæða til að athuga fleiri þætti málþroskans en hljóðkerfisvitundina, ekki síst orðaforða, áður en börn byrja í skóla. Einnig er mikilvægt að málörvunaraðferðir á fyrstu skólaárum taki mið af þessu áður en það er um seinan að byggja þessa mikilvægu burðarstoð lesskilnings sem orðaforðinn er (Hrafnhildur o.fl., 2009).

### **Orðaforðapróf**

Orðaforðapróf eiga sér langa sögu. Þau má að minnsta kosti rekja aftur til fyrstu greindarprófa Binet og Thurstone sem voru undanfarar formlegra prófana á lesskilningi (Pearson og Hamm, 2005). Próf sem notuð hafa verið til að meta orðaforða eru af ýmsum toga. Til eru próf sem reyna fyrst og fremst á getu próftaka til að tjá sig og er þá jafnan ætlast til að hugtök séu útskýrð munnlega eða skriflega. Önnur próf reyna aðallega á skilning próftaka, til dæmis þannig að próftaki er beðinn um að velja eina mynd af nokkrum, sem passar við orð eða setningu sem lesin hefur verið fyrir hann (Sattler, 2001).

Ein þekkt leið við mat á orðaforða barna er svokölluð orðabókaráðferð, sem ber heiti sitt af því að orðabók er notuð til að velja orð sem lögð eru fyrir próftaka (Bloom, 2000). Þannig gæti rannsakandi valið 10 orð af handahófi af 10 blaðsíðum úr orðabók og ályktað út frá skilningi á þessum 100 orðum um orðaforða próftaka. Aðferðin er útfærð á marga vegu – próftakar eru ýmist beðnir um að skilgreina tiltekin orð, setja þau í viðeigandi samhengi í texta eða að velja skilgreiningu orðsins á fjölvalsprófi. Allar þessar aðferðir eiga það þó sameiginlegt að próftaki þarf að búa yfir orðaforða umfram orðið sem spurt er um. Til að geta skilgreint hver merking orðs er þarf hann að kunna samheiti, geta útskýrt í setningum eða skilja skilgreiningar orðsins (Byrnes og Wasik, 2009).

Einnig er hægt að prófa orðaforða án þess að nauðsynlegt sé að próftaki búi yfir orðaforða umfram það orð sem spurt er um hverju sinni. Dæmi um slíkt er orðskilningspróf á borð við Peabody Picture Vocabulary Test (PPVT), þar sem prófandi spyr um orð (til dæmis „hvar er bolti?“) og próftaki bendir á eina mynd af fjórum mögulegum sem hann telur passa við orðið (Dunn og Dunn, 2007). PPVT er ætlað að mæla orðskilning (*receptive vocabulary*) en sambærilegt próf mætti hæglega nota til að prófa tjáðan orðaforða (*expressive vocabulary*), einfaldlega með því að spyrja um hvað myndirnar sýna, í stað þess að spyrja um tiltekið orð (Byrnes og Wasik, 2009).

Orðaforði barna er stundum metinn án þess að barnið sé prófað sjálft. Þess í stað er foreldri, oftast móðir, beðið um að halda dagbók um orð sem barn notar, eða um að merkja við hvaða orð af orðalista barnið kann. Þessar aðferðir hafa fyrst og fremst verið notaðar fyrir börn á aldrinum 12 til 18 mánaða, sem eru almennt með takmarkaðan orðaforða auk þess sem foreldrar eru oftast áhugasamir um hvert nýtt orð og hafa því yfirsýn yfir hvaða orð barnið kann (Byrnes og Wasik, 2009).

## Orðaforðapróf á Íslandi

Erlendis eru til ýmsar gerðir af stöðluðum málþroskaprófum sem veita ítarlegar upplýsingar um veikleika og styrk barns á málsviði. Þau geta ýmist verið mat á afmörkuðum þáttum málstarfs, eða náð til margra þátta (Einar Guðmundsson, 1996). Staðlað próf vísar til þess að form, innihald, matsreglur og reglur um fyrirlögn prófsins eru fyrir fram ákveðnar (staðlaðar) og að viðeigandi gögnum hefur verið safnað til að útbúa norm fyrir prófið (Einar Guðmundsson, 2005-2006). Hérlandis er ekki um auðugan garð að gresja þegar stöðluð málþroskapróf eru annars vegar og ekki er til neitt staðlað próf hér sem eingöngu er ætlað að meta orðaforða. Þrjú stöðluð próf eru til sem meta málþroska eingöngu: TOLD-2I, TOLD-2P og Orðaskil. TOLD-2I og TOLD 2P eru þýdd, staðfærð og stöðluð próf sem meta ýmsa þætti málþroska barna á aldrinum fjögurra til þrettán ára í nokkrum undirprófum og prófhlutum (Ingibjörg Símonardóttir, Einar Guðmundsson, Sigurgrímur Skúlason og Sigríður Pétursdóttir, 1995; Ingibjörg Símonardóttir og Einar Guðmundsson, 1996) og Orðaskil – málþroskapróf er staðlað íslenskt próf sem ætlað er að mæla orðaforða, vald á beygingarkerfi og setningagerð barna á aldrinum eins og hálfis árs til þriggja ára (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

Í Íslenska þroskalistanum, sem er þroskapróf sem er samið og staðlað héraendis, er málþroski barna meðal annars metinn, bæði tal og skilningur. Listanum er ætlað að meta þroska barna með upplýsingum frá mæðrum þeirra sem svara stöðluðum spurninum um mál- og hreyfifærni barna sinna á þeim tíma þegar listinn er fylltur út (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 1997).

Greindarprófin WISC-IV og WPPSI-R eru bæði stöðluð héraendis og meta meðal annars mállega greind. WISC-IV er ætlað börnum á aldrinum 6 til 16 ára. Einn af fimm prófhlutum WISC-IV er Málstarf og hann skiptist í þrjú undirpróf – eitt þeirra

er Orðskilningur (Einar Guðmundsson, Sigurgrímur Skúlason og Soffía Salvardsdóttir, 2006). WPPSI-R, sem er ætlað börnum á leikskólaaldri og við upphaf skólagöngu, skiptist í 12 undirpróf. Helmingur þeirra eru málleg (Einar Guðmundsson, 2008).

Vegna þess hversu lítið er til af stöðluðum mælitækjum hérlendis hefur verið talsvert um notkun óstaðlaðra prófa við mat á málþroska barna. Þau hafa ýmist verið notuð með óformlegum hætti (Einar Guðmundsson, 1996), eða þannig að erlendar mælitölur hafa verið notaðar til að túlka frammistöðu. Um afleiðingar þess að nota erlendar mælitölur þegar þroski eða hæfni íslenskra barna er metinn er fjallað í næsta kafla.

### **Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa**

Hlutverk sálfræðilegra mælitækja er að afla upplýsinga. Þau eru samin með það að markmiði að mæla tiltekna hugsmíð eða þekkingarsvið hjá ákveðnum markhópi. Þýðingu og staðfærslu verður að haga með þeim hætti að upplýsingar sem fást með staðfærðri þýðingu mælitækisins hafi sambærilega próffræði- og tölfraðilega eiginleika og frumútgáfa þess (van de Vijer og Hambleton, 1996). Þetta gerir þýðingu á sálfræðilegum mælitækjum frábrugðna öðrum þýðingum. Þýðing og staðfærsla felur í sér að texti og myndefni mælitækisins er þýtt og aðlagð að menningu með þeim hætti að próffræði- og tölfraðilegir eiginleikar upprunalegs mælitækis haldast í gegnum þýðingarferlið. Hugsmíðar geta verið breytilegar á milli mál- og menningarsvæða og þar af leiðandi geta tengslin milli þess sem spurt er um og hugsmíðarinnar verið ólík frá einu menningarsvæði til annars. Við það geta komið upp vandamál í þýðingu og staðfærslu (Sigurgrímur Skúlason, 2005).

Vandamál við þýðingu mælitækja geta komið fram í formi kerfisbundinnar skekkju af mismunandi tagi. Þar má til dæmis nefna skekkju tengda einstökum atriðum (*item bias*), hugsmíðum (*construct bias*) eða aðferðum við prófun (*method*



*bias*) (van de Vijer og Hambleton, 1996). Van de Vijer og Poortinga (2005, 1997) hafa sett fram kenningu um samræmi milli staðfærðrar þýðingar og frumútgáfu. Þeir gera ráð fyrir fjórum stigum samræmis: 1) Að einstök atriði séu sambærileg í þýðingu og á frummáli, 2) að heildarkvarði eða undirkvarðar séu sambærilegir, 3) að hugsmíð sé mæld með sama hætti í báðum útgáfum og 4) að mælieiningar séu sambærilegar.

Á Íslandi er algengt að sálfræðileg próf, sem til eru í staðlaðri útgáfu erlendis, séu notuð þýdd en óstöðluð. Erlendar mælitölur eru þá notaðar til að túlka niðurstöður. Þessi vinnubrögð stafa, eins og áður hefur komið fram, af því að hérlandist er lítið til af stöðluðum prófum, þótt fleiri stöðluð matstæki séu til fyrir börn og unglunga en fyrir fullorðna. Útbreidd notkun óstaðlaðra matstækja bendir til að sálfræðingar meti það sem svo að í klínísku starfi og rannsóknum sé betra að nota þau en ekki. Yfirleitt liggja litlar sem engar upplýsingar fyrir um það hvernig staðið hefur verið að þýðingu og staðfærslu prófa sem notuð eru hérlandis við greiningu og rannsóknir (Einar Guðmundsson, 2005-2006).

Afleiðingar þess að nota erlenda staðla við túlkun niðurstaðna úr þýddum prófum hérlandis sjá þegar nokkrar réttmætisathuganir á eiginleikum þýddra greindarprófa eru skoðaðar. Niðurstöður þessara rannsókna eru almennt þær að ýmiss konar skekkja, umfram þá skekkju sem áreiðanleikastuðlar gefa til kynna, loðir við þýdd og óstöðluð próf hérlandis (Einar Guðmundsson, 2005-2006). Prófin ofmeta almennt vitsmunapróska barna samanborið við börn í bandarískum stöðlunarúrtökum (Einar Guðmundsson, Ásdís Claessen, Berglind Ásgeirsdóttir og Birgir Þór Guðmundsson, 2005-2006).

### **Vinnubrögð við þýðingu og staðfærslu sálfræðilegra prófa**

Lengi vel voru fáar leiðbeinandi reglur til um þýðingu og staðfærslu prófa. Árið 2000 varð breyting þar á, þegar Alþjóðlega prófanefndin (*International Test Commission*)

gaf út sérstakar reglur í þessu skyni. Markmið útgáfunnar var að gefa viðmið um hvernig aðlaga megi próf að mismunandi menningu og tungumálum. Reglur Alþjóðlegu prófanefndarinnar eru 22 og þeim er skipt í fjóra flokka eftir innihaldi þeirra. Fyrsti flokkurinn, *samhengi (context)*, miðar að því að draga úr skekkjum við þýðingu og staðfærslu sem varða alhæfingargildi hugsmíða. Skekkjur vegna hugsmíða koma til þegar skilgreining þeirra er skekkt af sérkennum menningar í heimalandi matstækis. Annar flokkurinn, *þróun og staðfærsla matstækja (test development and adaptation)*, inniheldur reglur sem lúta að því þegar atriði í prófum eru samin, þýdd og staðfærð. Reglurnar endurspeglar ferlið þegar sálfræðileg próf eru búin til, en þó er lögð sérstök áhersla á þýðingu og staðfærslu á milli landa. Þriðji flokkurinn, *fyrirlögn (administration)*, snýst um sérkenni í aðferð fyrirlagnar og um nákvæmar fyrirlagnarreglur í handbókum sem fylgja matstækjum. Fjórði flokkur, *skráning/túlkun (documentation/score interpretation)*, fjallar um skráningu allra upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að túlka niðurstöður tiltekins matstækis, til dæmis upplýsingar um aðferð við þýðingu, umfang og eðli staðfærslu efnis í matstækinu. Birting tæknilegra upplýsinga um áreiðanleika, réttmæti og túlkun gegnir lykilhlutverki í handbók um matstæki sem ekki eru stöðluð (*International Test Commission*, 2000, Einar Guðmundsson, 2005-2006).

Reglur Alþjóðlegu prófanefndarinnar (2000) eru nákvæmstu leiðbeiningar sem til eru á þessu sviði og því er eðlilegt að tekið sé mið af þeim þegar matstæki eru þýdd og staðfærð. Þær bera þess þó merki að þær eru hugsaðar í tengslum við samanburðarrannsóknir á milli þjóða og menningarsvæða. Þær fjalla ekki sérstaklega um þýðingu og staðfærslu matstækja þegar aðeins á að nota matstækið í einu landi en ekki í samanburði á milli þeirra. Þetta er þó oftast markmiðið þegar sálfræðileg próf eru þýdd og staðfærð héraendis (Einar Guðmundsson, 2005-2006).

Í grein Einars Guðmundssonar (2005-2006), *Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa*, veitir höfundur yfirlit yfir það hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar þegar meta á hvort vinnubrögð og hæfni við þýðingu og staðfærslu matstækja séu viðunandi. Samkvæmt greininni ættu upplýsingar um eftirfarandi atriði alltaf að vera aðgengilegar ef óstaðlað matstæki er notað í klínísku starfi: a) ástæður þess að tiltekið matstæki var þýtt, b) hvaða aðferð var notuð við þýðingu, c) hvort matstækið var eingöngu þýtt eða hvort einhverjar staðfærslur voru gerðar, d) hæfni þýðenda, eða e) hæfni og sérþekking aðstandenda tiltekinnar þýðingar á efni matstækis. Einnig segir höfundur mikilvægt að fyrir liggi upplýsingar um áreiðanleika og réttmæti þýddra matstækja, um hversu viðeigandi erlend norm eru til að túlka niðurstöðu þeirra, og um skekkjur sem fylgja túlkun þversniða í þýddum matstækjum út frá erlendum gögnum. Fyrir þessu þurfa að liggja raunvís gögn – það þarf að vera lágmarksskilyrði fyrir notkun óstaðlaðs mælitækis að sýnt hafi verið fram á réttmæti notkunar þess.

Í grein sinni veitir Einar (2005-2006) einnig leiðbeiningar um einstaka verkþætti við þýðingu og staðfærslu sálfræðilegra prófa. Hann setur fram níu þætti sem huga þarf sérstaklega að þegar metið er hvort sálfræðilegt próf geti talist þýtt og staðfært. Samkvæmt honum getur próf ekki talist þýtt og staðfært nema hugað hafi verið að 1) vali á matstæki, 2) hæfni þýðenda, 3) faglegri hæfni og sérþekkingu á efni matstækis, 4) aðferð við þýðingu, 5) aðferð við staðfærslu, 6) sérstöðu þýddra matstækja, 7) færni og sérþekkingu á aðferðum til að athuga skekkjur í þýddum og staðfærðum matstækjum, 8) færni og þekkingu til að framkvæma forprófanir og 9) færni og þekkingu til að gera réttmætisathuganir.

Það má ganga út frá því sem vísu að eiginleikar þýdds matstækis verði aldrei betri en í heimalandi, sennilegra er að þeir verði eitthvað lakari. Því er brýnt að skoða eiginleika mælitækis vel áður en ákvörðun er tekin um að þýða það og staðfæra og

einnig hvort ekki sé völ á betri hliðstæðum matstækjum. Gaumgæfa þarf áreiðanleika heildartalna; hugsmíða-, viðmiðs- og aðgreiningarréttmæti; gólf- og rjáfuráhrif í normum; breidd aldursbila í normum; aldur norma; gæði stöðlunarúrtaks; sérkenni þýðis og eiginleika mælitalna. Þessi atriði hafa öll áhrif á notagildi prófsins, bæði í heimalandi og í nýjum heimkynnum (Einar Guðmundsson, 2005-2006).

Þýðendur matstækja þurfa að hafa sérþekkingu á því efni sem er þýtt og þeir þurfa bæði að þekkja til menningar í heimalandi matstækisins og í nýjum heimkynnum. Æskilegast er að sami þýðandi búi yfir öllum þessum eiginleikum. Ef ekki, er mikilvægt að að verkinu komi aðilar sem samanlagt búa yfir þeirri hæfni sem til þarf. Til dæmis gætu komið að verkinu fær þýðandi annars vegar, og sérfræðingur á því sviði sem prófað er hins vegar.

Aðferðir við þýðingu og staðfærslu prófa eru einkum tvær: a) þýðing og bakþýðing eða b) tvær þýðingar og athugun á nákvæmni þýðinga hjá þriðja aðila. Fyrirnefnda aðferðin, þýðing og bakþýðing, felst í því að tveir tvítýngdir þýðendur þýða matstækið óháð hvor öðrum. Annar yfir á tungumál nýrra heimkynna en hinn aftur yfir á upprunalegt tungumál. Mælikvarði á gæði þýðingarinnar er hversu lík bakþýðingin er upprunalegri útgáfu. Geisinger (1994) benti á að sá ókostur fylgi þessari aðferð að hún útiloki mikla staðfærslu atriða, en staðfærsla er oft meira eða minna nauðsynleg. Þegar síðarnefnda aðferðin er notuð, að tvær eða fleiri sjálfstæðar þýðingar eru gerðar og bornar saman af óháðum aðila, þá eru staðfærslur yfirleitt gerðar um leið. Sérfræðingar þýða hver í sínu lagi og gera skriflegar athugasemdir, hópurinn hittist og kemur sér saman um breytingar og að lokum fer þriðji óháði sérfræðingurinn yfir frumútgáfu, þýðingu og breytingar. Þessi aðferð hefur reynst vel við þýðingar hérlendis, en hefur þó þann galla að mælikvarði á gæði þýðingarinnar er fremur veikur (Einar Guðmundsson, 2005-2006).

Í langflestum tilvikum þarf að staðfæra einstök atriði þegar mælitæki eru þýdd og í kunnáttu- eða þroskaprófum er oft farsælt að þýða atriði fyrir atriði og huga að staðfærslum um leið. Við staðfærslu er það meginatriði að áreiðanleiki undirprófa og heildartalna, réttmæti, gólf og rjáfur í normum séu viðunandi. Breyting á þyngdarröð þarf ekki að vera áhyggjuefni og stundum getur verið skynsamlegra að skipta prófatriði út fyrir nýtt atriði í stað þess að staðfæra þýðingu. Aðalatriðið er að prófið haldi próffræðilegum eiginleikum sínum við þýðingu og staðfærslu (Einar Guðmundsson, 2005-2006).

Það er ekki nóg að fylgja reglum við þýðingu atriða og staðfærslu, hluti af þeirri vinnu sem felst í að fullvinna próf er að athuga hvernig þýðing prófsins reynist við raunverulegar aðstæður. Að lágmarki þarf að gera tvær forprófanir á þýðingu matstækis. Sú fyrri er gerð til að fá upplýsingar um einstök atriði, orðalag og merkingu, matsreglur, reglur við fyrirlögn og annað sem skiptir máli við notkun prófsins. Úrtak fyrstu forprófunar þarf ekki að vera stórt, en mikilvægt er að einstaklingar í því séu dæmigerðir fyrir próftaka. Eftir fyrstu forprófun er atriðum í þýðingu og staðfærslu breytt ef nauðsynlegt þykir. Að breytingum loknum er matstækið forprófað aftur, í nýju og stærra úrtaki sem helst þarf að endurspegla þýði vel. Eftir þessa prófun er atriðum þyngdarraðað og kannað hvort reglur um það hvenær hefja eigi og hætta fyrirlögn eru viðeigandi. Í flestum, ef ekki öllum tilvikum, er nauðsynlegt að forprófa þýdda og staðfærða útgáfu tvisvar eða oftár (Einar Guðmundsson, 2005-2006).


Réttmætisathuganir eru nauðsynlegur þáttur í þýðingu og staðfærslu mælitækja. Að forprófunum loknum þarf að lágmarki að athuga áreiðanleika og réttmæti. Ef ætlunin er ekki að staðla prófið, heldur nota erlend norm, þarf að athuga skekkjur í þeim. Einnig er æskilegt að meta hugsmíðaréttmæti mælitækisins með þáttagreiningu

gagna eða með fyrirlögn á tveimur eða fleiri matstækjum í einu (Einar Guðmundsson, 2005-2006).

### **Peabody Picture Vocabulary Test (PPVT-4)**

Fjórða útgáfa Peabody Picture Vocabulary Test (PPVT-4) er staðlað bandarískt próf, ætlað fólki frá tveggja ára aldri. Prófið mælir þann orðaforða sem börn og fullorðnir skilja. Það er lagt fyrir einn í senn og ekki háð tímatöku. Prófið kemur út í tveimur hliðstæðum formum, A og B. Hvert form inniheldur þjálfunatriði auk 228 prófatriða (Dunn og Dunn, 2007). Prófið gefur á fljótlegan máta mynd af orðaskilningi próftaka og má leggja það fyrir fólk sem ekki getur tjáð sig þrátt fyrir að það hafi skilning, til dæmis ung börn, fólk með heilalömun o.fl. (Anastasi og Urbina, 1997).

Hvert atriði í PPVT samanstendur af tveimur hlutum: Annars vegar markorði sem prófandi les fyrir próftaka og hins vegar fjórum litmyndum, en ein þessara fjögurra mynda lýsir markorðinu. Hinar þrjár myndirnar eiga að vera þess eðlis að próftaka sem þekkir ekki markorðið á að finnast þær jafn vænlegir valkostir og rétta myndin. Á mynd 1 má sjá sýnishorn af æfingaatriði úr PPVT-4. Í þessu prófatriði spyr prófandi próftaka: „Hver er að hlæja“ og próftaki bendir á þá mynd sem hann telur rétta.



**Mynd 1.** Æfingaatriði úr PPVT-4 (sótt á <http://psychcorp.-pearsonassessments.com>) .

Markorð í PPVT voru valin út frá orðtíðni, lesefni fyrir börn og fleiri rökrænum aðferðum en val á hinum myndunum stýrðist hins vegar að verulegu leyti af tölfræðilegum aðferðum því mikilvægt er að þær séu allar jafn líklegar til að vera valdar (Dunn og Dunn, 2007).

Prófatriðin 228 eru sett saman í 19 blokkir (sets) sem hver inniheldur 12 atriði. Prófatríðum er raðað eftir þyngd og þyngjast eftir því sem líður á prófið. Prófun hefst á mismunandi blokk eftir aldri próftaka og prófun er hætt eftir að tilteknum villufjölda innan blokkar hefur verið náð. Prófun tekur yfirleitt um 10-15 mínútur og stig er hægt að skrá að mestu leyti á meðan á prófun stendur.

Tilgangur bandarískrar útgáfu PPVT-4 er að meta skilning mæltra orða á bandarískri ensku. Prófið mælir því fjölda orða sem próftaki skilur, en reynir ekki á að próftaki tjái sig á. Prófið er ekki ætlað fólki með skerta sjón þar sem nauðsynlegt er að próftaki sjái myndirnar sem sýndar eru (Dunn og Dunn, 2007).

## Þróun Peabody Picture Vocabulary Test

Þróun fyrstu útgáfu PPVT hófst uppúr 1950. Öll orð í Webster's New Collegiate Dictionary voru skoðuð og 3885 orð sem höfðu þannig merkingu að hægt væri að lýsa henni með svart-hvítri teikningu valin úr. Tvöhundruð blaðsíður af myndum (fjórar myndir á hverri blaðsíðu) voru búnar til og orð og myndir forprófaðar í nokkrum umferðum þar til eftir stóðu 300 prófatriði. Hvert prófatriði samanstóð af fjórum myndum og einu markorði sem spurt var um. Þessum 300 atriðum var skipt í tvær sambærilegar prófgerðir, A og B, en hvor þeirra inniheldur 150 atriði. Nákvæmari lýsingu á því hvernig fyrsta útgáfa var úr garði gerð má sjá í handbók hennar (Dunn, 1959, sjá Dunn og Dunn, 2007).

Vinna við aðra útgáfu prófsins, PPVT-R hófst í byrjun áttunda áratugarins. Þá var fleiri mögulegum markorðum safnað. Gögn úr stöðlun fyrstu útgáfu voru endurskoðuð í þeim tilgangi að kanna frekar þyngd atriða hjá mismunandi aldurshópum og svarmöguleika hvers prófatriðis. Út frá þessum athugunum voru 144 atriði valin sem möguleg atriði í nýja útgáfu prófsins. Búinn var til skýrari rammi utan um það hvernig velja ætti prófatriði þess efnis að þau ættu að koma úr 19 mismunandi flokkum orða (t.d. leikföng, dýr, athafnir, vinna) og ný orð valin inn. Það ferli er rakið í handbók PPVT-R og *Technical Supplement* (Dunn og Dunn, 1981; Robertson og Eisenberg, 1981, sjá Dunn og Dunn, 2007). Eftir endurteknar forprófanir og endurskoðanir prófsins voru tvær prófgerðir, L og M, staðlaðar. Stöðlunarúrtak samanstóð af 4200 manns, 2 ára og 6 mánaða til 40 ára.

Þriðja útgáfa, PPVT-3, kom út árið 1997. Aftur höfðu prófatriði verið endurskoðuð í ljósi þyngdar þeirra og þyngdar svarmöguleika þeirra. Einnig var bætt við bæði léttari og þyngri atriðum til þess að auka næmi prófsins fyrir mjög getulitlum og getumiklum próftöku. Til þess voru ýmsar orða-, orðtíðni- og samheitaorðabækur



notaðar. Að auki var prófið atriðagreint með það fyrir augum að finna atriði sem gætu talist óviðeigandi fyrir tiltekna menningarhópa eða kyn. Einnig var myndum af tækninýjungum bætt við og myndir uppfærðar í takt við tíðarandann. Eftir endurteknar forprófanir og endurskoðanir atriða var þriðja útgáfa prófsins, sem samanstóð af tveimur prófgerðum sem innihéldu 175 atriði hvor, stöðluð á tæplega þrjúþúsund 2 til 90 ára gömlum Bandaríkjamönnum (Dunn og Dunn, 2007).

Fjórða útgáfa prófsins (PPVT-4) var útbúin með tvö meginmarkmið í huga. Í fyrsta lagi að auka fjölda mjög létttra atriða til að gera prófið næmara á fólk með mjög litla getu. Í öðru lagi að skipta svart-hvítum myndum fyrri útgáfa út fyrir litmyndir. Að auki voru upplýsingar úr stöðlun PPVT-3 atriðagreindar með það fyrir augum að finna prófatriði sem þyrftu endurskoðunar við. Athugasemdum var einnig safnað frá notendum PPVT-3 í því skyni að finna atriði sem þyrfti að bæta. Orð voru valin með hliðsjón af ýmsum orða- og orðtíðnibókum. Myndir voru litaðar eftir reglum um litasamsetningar. Þess var gætt að litasamsetningar væru ekki óheppilegar fyrir litblinda og að myndirnar sem voru saman á blaðsíðu féllu vel hver að annarri og engin skæri sig úr vegna litavals. Útlínur voru hafðar svartar til að draga fram smáatriði en bakgrunnur var hafður hvítur.

Eftir tvær viðamiklar forprófanir og atriðagreiningu í kjölfar þeirra var fjórða útgáfa Peabody Picture Vocabulary Test stöðluð á 1793 körlum og 1747 konum frá 320 stöðum víðs vegar um Bandaríkin. Þátttakendur voru á aldrinum tveggja ára og sex mánaða til 60 ára og skipt í 28 aldurshópa. Gætt var að eðlilegri dreifingu menntunar, kynþátta og samfélagsstöðu þátttakenda þegar valið var í úrtakið. Stöðluð útgáfa PPVT-4 kom út árið 2007 (Dunn og Dunn, 2007).

## Áreiðanleiki PPVT-4

Öllu mati á þroska og vitsmunagetu fylgir einhver skekkja, en hún getur verið af tvennum toga: Annars vegar kerfisbundin skekkja, hins vegar tilviljunarkennd skekkja. Kerfisbundna skekkju er hægt að leiðrétta með viðeigandi upplýsingum en tilviljunarkennda skekkju er aðeins hægt að nálgast með viðeigandi aðgerðum. Áreiðanleiki matstækja endurspeglar tilviljunarkennda skekkju (Einar Guðmundsson, 1991; Einar Guðmundsson, 1996) og nákvæmni niðurstöðu matstækis fer eftir áreiðanleika þess. Ýmsir þættir geta haft áhrif á áreiðanleika prófs, sumir tengdir prófinu sjálfu og sumir tengdir prófaðstæðum og próftaka. Þegar próf eru samin er reynt að draga úr þeim þáttum sem minnka áreiðanleika. Þess vegna eru fyrirmæli við fyrirlögn jafnan stöðluð og fyrirgjafarreglur gerðar eins hlutlægar og mögulegt er. Að auki er mikilvægt að prófandi hafi þá færni sem þarf til að tengjast próftaka og gera prófaðstæður þægilegar (Einar Guðmundsson, 1996). Upplýsingar um áreiðanleika prófa eru birtar í formi áreiðanleikastuðla sem eru á bilinu 0 til 1. Próf sem hefur áreiðanleikastuðulinn 0 er fullkomlega óáreiðanlegt og próf sem hefur áreiðanleikastuðulinn 1 er fullkomlega áreiðanlegt (Dunn og Dunn, 2007).

Ýmsar tegundir áreiðanleika sem eru næmar fyrir mismunandi tegundum af mælivillu voru reiknaðar út fyrir PPVT-4. Í fyrsta lagi voru reiknaðir áreiðanleikastuðlar til að meta innri áreiðanleika, sem sagt hversu mikið samræmi er í frammistöðu fólks á mismunandi stöðum í prófinu. Til þess var annars vegar reiknaður helmingunaráreiðanleiki, hins vegar alfa stuðull. Í öðru lagi var áreiðanleiki milli prófgerðar A og B reiknaður, þ.e. hvort báðar prófgerðir – lagðar fyrir á um það bil sama tíma - gæfu sambærilegar niðurstöður. Þessar tegundir áreiðanleika, helmingunaráreiðanleiki, alfastuðull og áreiðanleiki milli prófgerða, eru aðallega næmar fyrir mælivillum sem stafa af notkun mismunandi prófatriða. Í þriðja

lagi var endurprófunaráreiðanleiki metinn, þ.e. hvort prófið gefur sambærilega niðurstöðu ef það er lagt fyrir eftir einhvern tíma (í þessu tilviki eftir 4 vikur). Endurprófunaráreiðanleiki er næmur fyrir villum sem stafa af því sem breytist með tíma hjá próftaka, t.d. skapi, þreytu, því sem er ólíkt milli fyrirlogna o.s.frv. (Dunn og Dunn, 2007).

Helmingunaráreiðanleiki og alfastuðull var reiknaður fyrir hvern af 28 aldurshópum og fyrir hvern af 13 getuhópum stöðlunarúrtaks. Helmingunaráreiðanleiki var að jafnaði mjög hár, frá 0,94 til 0,95. Alfastuðlar voru einnig mjög hár fyrir alla aldurs- og getuhópa, að meðaltali 0,97 í prófgerð A og 0,96 í prófgerð B. Þó þarf að hafa í huga að þar sem gefið er fullt hús stiga fyrir prófatriði sem ekki eru lögð fyrir er tilhneiging sú að alfastuðull sé ofmetinn.

Áreiðanleiki milli prófgerða, sem reiknaður er með því að bera saman niðurstöður sama þátttakanda á mismunandi prófgerðum sem lagðar eru fyrir á svipuðum tíma, er næmur fyrir tvenns konar villum: þeim sem stafa af innihaldi prófs og áhrifum upphafs- og stoppreglna. Áreiðanleiki milli prófgerða var mjög hár, á bilinu 0,87 til 0,93 (meðaltal 0,89).

Endurprófunaráreiðanleiki er ólíkur þeim tegundum áreiðanleika sem fjallað hefur verið um hér á undan að því leyti að hann verður ekki fyrir áhrifum af mælivillum vegna innihalds prófs. Hann er hins vegar næmur fyrir breytileika í frammistöðu fólks á mismunandi tíma. Ýmsar ástæður geta verið fyrir þessum breytileika, svo sem nám á milli prófana, þjálfunaráhrif vegna fyrri fyrirlognar, líkamlegt eða andlegt ástand þátttakanda getur verið ólíkt milli prófa og prófandi getur óviljandi lagt prófið fyrir á ólíkan máta. Byrjunar- og stoppreglur geta einnig verið uppspretta villu. Í stöðlunarferlinu voru 340 þátttakendur í fimm aldurshópum prófaðir aftur með sömu prófgerð fjórum vikum eftir fyrstu prófun, prófgerð A var

lögð fyrir helminginn og B fyrir hina. Fylgni milli fyrstu og annarrar prófunar var mjög há, að meðaltali 0,93, næstum jafn há og innri áreiðanleiki. Það gefur til kynna að fyrrnefndir áhrifaþættir sem ógnað geta endurprófunaráreiðanleika hafi ekki mikil áhrif á frammistöðu á PPVT-4, á mismunandi tíma. Það að prófið mælir áunna þekkingu og gerir ekki aðrar kröfur til þátttakanda en að hlusta og benda, gæti skýrt þennan mikla stöðugleika (Dunn og Dunn, 2007).

### **Réttmæti PPVT-4**

Áreiðanleiki og réttmæti tengjast órofa böndum. Forsenda þess að próf geti talist réttmætt er að áreiðanleiki þess sé viðunandi. Af þessum sökum er eðlilegt að skoða þessi tvö hugtök í samhengi. Réttmæti prófs vísar til þess hversu vel það metur þá færni eða eiginleika sem því er ætlað að mæla. Þegar PPVT-4 er annars vegar, þá snýst réttmæti þess til dæmis um það hvort við getum ályktað sem svo að próftaki sem fær mælitöluna 100 sé með orðskilning í meðallagi miðað við aldur. Það er háð því að mælitækið mæli í raun orðskilning en ekki eitthvað annað. Einnig er það háð því að mælitölur prófsins endurspegli þýði í raun og veru (Dunn og Dunn, 2007).

Hugtakið réttmæti er afstætt, það er ekki hægt að setja fram gögn sem sýna fram á að próf sé réttmætt eða óréttmætt við allar aðstæður. Sama prófið getur verið réttmætt þegar það metur hæfni einnar manneskju en óréttmætt til að meta hæfni annarrar. Þess vegna er alltaf tekið fram til hvaða tegundar réttmætis er vísað hverju sinni (Einar Guðmundsson, 1996).

Flestir álíta að gögn um þrenns konar réttmæti þurfi að liggja fyrir um þroska- eða vitsmunapróf: Hugsmíðaréttmæti, innihaldsréttmæti og samtímaréttmæti (Einar Guðmundsson, 1996). Réttmæti PPVT-4, hvort prófið mæli í raun orðaforða fólks, var metið á ýmsan máta. Með því að skoða fylgni aldurs og frammistöðu og með því

að bera saman frammistöðu á PPVT-4 og árangur á öðrum prófum sem mæla málhæfni.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt að reynslugreind (Gc), sem mæld er með orðaforðaprófum og öðrum verkefnum sem reyna á áunna þekkingu, eykst hratt í barnæsku og nær hámarki snemma á fullorðinsárum, en fer að hraka smám saman upp úr sextugu eða sjötugu (Kaufmann og Lichtenberger, 2006, sjá Dunn og Dunn, 2007). Margt konar önnur hugræn geta nær hámarki á skemmri tíma og hrakar fyrr. Frammistöðukúrfan í stöðlunarúrtaki PPVT-4 hefur sömu einkenni og fyrrnefndar mælingar á reynslugreind. Framfarir eru mestar á aldrinum tveggja til fjórtán ára, frammistaða nær hámarki um þrítugt og slakna fer á frammistöðu eftir sextugt. Þetta rennir enn frekar stoðum undir hugsmíðaréttmæti prófsins, að prófið mæli það sem því er ætlað (Dunn og Dunn, 2007).

Samtímaréttmæti PPVT-4 var metið með því að bera frammistöðu á prófinu saman við niðurstöður annarra mælitækja sem meta málhæfni, nánar tiltekið tjáðan orðaforða, almenna málhæfni og lestrargetu. *Expressive vocabulary test* var lagt fyrir allt stöðlunarúrtak PPVT-4. Fylgni milli frammistöðu á prófunum var mjög há og jöfn milli aldurshópa, á bilinu 0,8 til 0,84 ( $M = 0,82$ ). Tvö málþroskapróf, *Comprehensive Assessment of Spoken language (CASL)* og *Clinical Evaluation of Language Fundamentals*, voru lögð fyrir nokkra aldurshópa barna. Hið síðarnefnda hafði nokkuð háa fylgni við PPVT-4 (0,79) en hið fyrrnefnda lægri fylgdu (á bilinu 0,41-0,54). PPVT-4 virðist því ekki mæla sömu hæfni og mæld er með prófinu CASL, tengsl eru þó augljós þegar litið er til fylgnistuðla. Auk þess þarf að athuga að erfitt er að ná áreiðanlegum niðurstöðum í mælingu á tjáðum orðaforða ungra barna, það gæti hafa haft áhrif á þessar niðurstöður.

Til að leggja mat á tengsl frammistöðu á PPVT-4 við lestrargetu og –skilning var prófið lagt fyrir 487 börn, frá leikskólaaldri og upp í 11. bekk (*grade 11*), sem tóku einnig lestrarprófið *Group Reading Assessment and Diagnostic Evaluation*. Að meðaltali var fylgni milli prófanna 0,63, sem gefur til kynna að orðaforði gegni hlutverki í lesskilningi.

Frammistaða 322 þátttakenda í fimm aldurshópum á PPVT-4 var borin saman við frammistöðu þeirra á fyrri útgáfu prófsins, PPVT-3. Fylgni var almennt há, á bilinu 0,79 til 0,93 ( $M = 0,84$ ) (Dunn og Dunn, 2007).

## Rannsóknarmarkmið

Markmið þessarar rannsóknar er að búa til orðaforðapróf til notkunar í rannsókninni „Þroski leik- og grunnskólabarna: sjálfstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára“ sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands (númer rannsóknar: 08064802; verkefnisstjóri: Hrafnhildur Ragnarsdóttir) og meta eiginleika mælitækisins í rannsókninni.

Tekin var ákvörðun um að þýða og staðfæra hluta orðkennslaprófsins PPVT-4 með það að markmiði að úr yrði mælitæki ætlað 4-8 ára íslenskum börnum. Ástæður þess að Peabody Picture Vocabulary Test (PPVT-4) var valið til þýðingar voru fyrst og fremst að PPVT er mikið notað próf við rannsóknir á málþroska og læsi erlendis. Það er fljótlegt í fyrirlögn og hentugt til að meta orðaskilning ungra barna því það reynir ekki á að próftaki tjái sig. Síðast en ekki síst þykir áreiðanleiki prófsins og réttmæti gott, en það er forsenda þess að réttlæt看legt sé að þýða prófið á íslensku þar sem próffræðilegir eiginleikar verða aldrei betri í þýðingu en í frumútgáfu.

Verkefninu er skipt í nokkra verkþætti. Fyrsti þáttur er að þýða og staðfæra prófið úr ensku yfir á íslensku. Að því loknu þarf að skoða þyngdarröð atriða og

eiginleika þeirra. Atriðum á að vera raðað í þyngdarröði í prófinu og gera má ráð fyrir að hún sé ekki sú sama í amerískri útgáfu og þýddri íslenskri. Til þess þarf að forprófa þýðinguna. Gert er ráð fyrir að að minnsta kosti þurfi 3 forprófanir og úrvinnslu þeirra til að mælitækið verði nothæft til að prófa orðaforða íslenskra barna. Eftir hverja forprófun þarf annars vegar að skoða þyngd prófatriða (hlutfall réttra svara) og hins vegar þarf að skoða svarmöguleika hvernar spurningar og gæta þess að þeir séu allir nothæfir. Einnig er það markmið forprófana er að ákvarða byrjunar- og stoppreglur í prófinu og að meta áreiðanleika og réttmæti prófsins.

Í eftirfarandi köflum er gert grein fyrir fjórum gagnasöfnum sem fengust með forprófunum 1, 2 og 3 og aðalfyrirlögn í fyrrnefndri rannsókn á þroska leik- og grunnskólabarna.

Í forprófun 1 voru þýdd og staðfærð prófatriði lögð fyrir 45 þátttakendur, sem fæddir eru 2000, 2002 og 2004. Markmið fyrstu forprófunar var í fyrsta lagi að skoða hvort prófatriði eigi erindi í íslenskt próf og hvort allir svarmöguleikar hvers atriðis virki. Í öðru lagi var markmið fyrstu forprófunar að skoða þyngd atriða samanborið við þyngd bandarískrar útgáfu PPVT-4 og raða atriðum í nýja þyngdarröð ef tilefni þætti til.

Í forprófun 2 voru þau atriði sem voru léttust samkvæmt forprófun 1 lögð fyrir 3-4 ára börn (fædd 2005) og þyngstu atriðin samkvæmt forprófun 1 lögð fyrir 9-10 ára börn (fædd 1999). Tilgangur þess að leggja þessi atriði fyrir börn sem eru ári yngri og ári eldri en markhópur prófsins var sá að raða þessum léttustu og þyngstu atriðum í nákvæmari þyngdarröð en unnt var að gera eftir forprófun 1. Einnig var ætlunin að útbúa fyrstu drög að byrjunar- og stoppreglum í prófinu.

Í forprófun 3 voru þýdd, staðfærð og þyngdarröðuð prófatriði lögð fyrir 55 þátttakendur sem fæddir voru árin 2000 og 2004. Markmið þriðju forprófunar voru í

fyrsta lagi að útbúa endanlega þyngdarröðun atriða fyrir fyrirlögn í rannsókn á þroska leik- og grunnskólubarna, í öðru lagi að meta hvort breytingar sem gerðar voru á atriðum sem ekki þóttu í lagi hefðu bætt prófatriðin, í þriðja lagi að meta hvort byrjunar- og stoppreglur sem settar voru eftir forprófun 2 væru í lagi og í fjórða lagi að skoða áreiðanleika og réttmæti þýdds og staðfærðs matstækis.

Að lokum var þýtt og staðfært orðskilningspróf lagt fyrir þátttakendur í rannsókninni „Þroski leik- og grunnskólubarna: sjálfstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára“, rúmlega 100 börn fædd 2002 og rúmlega 100 fædd 2004. Gögn úr rannsókninni voru notuð til að meta áreiðanleika og réttmæti þýðingar og staðfærslu á PPVT-4 ætlað 4 til 8 ára íslenskum börnum.

## **Gagnasafn 1**

Tilgangur forprófunar 1 var tvíþættur: Annars vegar var hann sá að meta hvert prófatriði í íslenski þýðingu PPVT-4 fyrir sig. Skoðað var hvort atriðin ættu heima í orðaforðaprófi fyrir íslensk börn og hvort svarmöguleikarnir fjórir í hverju atriði væru allir nothæfir. Hins vegar var tilgangurinn sá að fá upplýsingar um þyngd prófatriða. Bæði til að tryggja að atriðin greindu á milli yngri og eldri nemenda og til að mögulegt væri að raða atriðum gróflega eftir þyngd fyrir næstu forprófun.

## **Aðferð**

### **Þátttakendur**

Þátttakendur fyrstu forprófunar voru 45 börn úr tveimur leikskólum, Hagaborg og Stakkaborg í Reykjavík, og einum grunnskóla, Heiðarskóla í Keflavík: Fimmtán börn á næst síðasta ári í leikskóla (f. 2004), fimmtán börn í fyrsta bekk grunnskóla (f. 2002) og fimmtán börn í þriðja bekk grunnskóla (f. 2000), sjá töflu 1. Börnin voru öll



íslensk, eintyngd og talin þroskast eðlilega. Um hentugleikaúrtak var að ræða. Skólarnir voru valdir þar sem staðsetning þeirra og aðgengi var þægilegt fyrir rannsakendur.

**Tafla 1.** Þátttakendur í forprófun 1.

Fæðingarár	Aldur barns á árinu	Drengir	Stúlkur	N
2000	9	3	7	15
2002	7	7	3	15
2004	5	5	5	15

## Mælitæki

165 prófatriði sem þýdd höfðu verið úr bandaríska orðkennslaprófinu PPVT-4 voru lögð fyrir börnin. Hvert atriði samanstendur af fjórum litmyndum á einni blaðsíðu, próftaka er sagt markorð og hann beðinn um að benda á þá mynd sem best passar við orðið. Prófatriðin voru ljósrituð í lit úr prófbók PPVT-4 og sett saman í gormahefti með plastkápu utanum. Þess var gætt að myndir væru skýrar og að auðvelt væri fyrir prófanda að fletta blaðsíðum heftisins. Svör voru skráð á þar til gerð svarblöð.

*Þýðing PPVT-4 úr ensku á íslensku.* Tveir þýðendur, annars vegar cand. psych. nemi í sálfræði og hins vegar prófessor í sálfræði og málvísindum, þýddu æfinga- og prófatriði PPVT-4, prófgerð A, úr ensku á íslensku, hvor í sínu lagi, auk þess sem metið var við hvert prófatriði fyrir sig hvort það væri viðeigandi til að prófa íslensk börn. Þýðingarnar tvær voru bornar saman og yfirfarnar af lektor í lestrarfræði og sálfræði. Þessir þrír aðilar funduðu að því loknu um öll atriði og tóku sérstaklega fyrir þau sem ekki voru þýdd á sama hátt, þar til komist hafði verið að sameiginlegri niðurstöðu. Einnig var nokkrum prófatriðum breytt í þeim tilgangi að gera þau hentugri fyrir íslensk börn. Dæmi um slíka breytingu er atriði 80 í PPVT-4. Þar var myndum af erlendum fuglum breytt í myndir af íslenskum fuglum og spurt um krú í stað þess að spyrja um flamingóa. Í nokkrum prófatriðum var stökum myndum breytt,

yfirleitt þegar talið var ólíklegt að íslensk börn veldu myndirnar eða ef myndir þóttu stinga í stúf þegar prófatriði hafði verið íslenskað. Dæmi um þetta er atriði 32 í PPVT-4 þar sem mynd af stráki var skipt út fyrir mynd af stelpu. Markorðið sem spurt er um í þessu atriði er *happy* á ensku en *glöð* á íslensku,. Lýsingarorð beygjast ekki eftir kyni í ensku, en það gera þau á íslensku og því var þessi breyting nauðsynleg.

Sumum atriðum var breytt þannig að spurt var um aðra mynd en í upprunalegri útgáfu prófsins. Dæmi um það er atriði 6 í PPVT-4, þar sem ákveðið var að spyrja um folald í stað þess að spyrja um önd. Þetta var yfirleitt gert til að þyngja atriði, því rannsakendur töldu að hlutfallslega væru of mörg mjög létt atriði í PPVT-4 fyrir fjögurra ára íslensk börn. Íslenska er gegnsærra tungumál en enska og því ef til vill minni þörf á mjög léttum prófatriðum þar heldur en í ensku frumútgáfunni.

Af prófatriðunum 226 í PPVT-4 voru 165 valin til forprófunar með það að markmiði að úr yrði orðaforðapróf ætlað fjögurra til átta ára íslenskum börnum Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir allar breytingar sem gerðar voru á prófatriðunum fyrir fyrstu forprófun.

**Tafla 2.** Breytingar á prófatriðum fyrir fyrstu forprófun.

Nr. í PPVT-4	Bandarískt atriði	Mynd(um) breytt	Spurningu breytt	Hvað breyttist?	Íslenskt atriði
4	Foot		x	<i>haka</i> í stað <i>fótur</i>	Haka
5	Duck		x	<i>folald</i> í stað <i>önd</i>	Folald
7	Shoe		x	<i>húsgagn</i> í staðinn fyrir <i>skó</i>	Húsgagn
9	Eating		x	<i>næring</i> í stað <i>borða</i>	Næring
14	Cookie		x	<i>brauð</i> í stað <i>smáköku</i>	Brauð
18	Jumping		x	<i>lyfta</i> í stað <i>jumping</i>	Lyfta
24	Painting		x	<i>smíða</i> í stað <i>mála</i>	Smíða
27	Kicking		x	<i>hrasa</i> í stað <i>sparka</i>	Hrasa
32	Happy	x		mynd 1/32 (af strák) skipt út fyrir mynd 4/222 (af stelpu)	Glöð
43	Juggling		x	<i>skylmast</i> í stað <i>juggling</i>	Skylmast
47	Dressing		x	<i>vaða</i> í stað <i>klæða sig</i>	Vaða
48	Roof		x	<i>handrið</i> í stað <i>þak</i>	Handrið
52	Branch	x		mynd 3 af rófu skipt út fyrir laufblað (3/93)	Grein
53	Envelope	x		myndbreyting: íslenskur peningaseðill í stað erlends	Umslag
56	Buckle		x	<i>næla</i> í stað <i>sylgja</i>	Næla
61	Picking	x	x	myndbreyting: stroka í stað hella / svarbreyting: flysja í stað picking	Flysja
67	Dentist			<i>snyrta</i> í stað <i>tannlæknir</i>	Snyrta
78	Squash	x	x	myndum 3 og 4 breytt í lauk og svepp / spurt um lauk í stað squash	Laukur
80	Flamingo	x	x	öllum myndum breytt, íslenskir fuglar settir í stað erlendra	Kría
85	Hyena	x	x	mynd 3/85 breytt og spurt um rostung (4/132) en ekki hyenu.	Rostungur
90	Trunk	x	x	laufblað (3/93) inn í stað svepps á mynd 3 og spurt um stöngul í stað trjábols	Stöngull
95	Swamp	x	x	mynd 2 breytt úr mýri í skíðabrekku / spurt um <i>gil</i> í stað <i>swamp</i>	Gil
97	Pigeon		x	<i>ránfugl</i> í stað <i>dúfu</i>	Ránfugl
101	Aquarium		x	<i>Hreiður</i> í stað <i>fiskabúrs</i>	Hreiður
102	Refueling		x	<i>múra</i> í stað <i>refueling</i>	Múra
107	Athlete	x	x	myndum 1 og 3 skipt út fyrir 2/116 og 1/156 og spurt um orðið <i>iðnaðarmaður</i> í stað <i>athlete</i>	Iðnaðarmaður
119	Valley		x	<i>skógur</i> í stað <i>valley</i>	Skógur
125	Solo		x	<i>trío</i> í stað <i>solo</i>	Trío
128	Beverage		x	<i>skyndibiti</i> í stað <i>beverage</i>	Skyndibiti
132	rodent	x		mynd 2 af salamöndru skipt út fyrir mynd af froski	Nagdýr
157	primate		x	spurt um orðið <i>afkvæmi</i> í stað <i>primate</i>	Afkvæmi
160	hatchet		x	spurt um orðið <i>kylfa</i> í stað <i>öxi</i>	Kylfa
204	Angler		x	spurt um orðið <i>miða</i> í stað <i>angler</i>	Miða
210	Reposing		x	<i>fatlaður</i> í stað <i>reposing</i>	Fatlaður
211	Cupola		x	<i>kvistur</i> í stað <i>cupola</i>	Kvistur

## **Framkvæmd**

**Fyrirlögn.** Byrjað var á því að sækja um leyfi fyrir rannsókninni til

Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og til Persónuverndar. Því næst var skólastjórum leikskólanna Hagaborgar, Stakkaborgar, Vesturborgar og Garðasels og grunnskólanna Heiðarskóla og Vesturbæjarskóla send bréf til að kynna þeim rannsóknina og þeir beðnir um leyfi fyrir því að börn í skólum þeirra tækju þátt (sjá viðauka 1a). Í framhaldi af þessu var hringt í skólastjóra og leyfi fengið. Foreldrum þeirra barna í fyrrnefndum skólum sem voru á viðeigandi aldri fyrir rannsóknina var sent bréf (sjá viðauka 1b) þar sem þeim var kynnt rannsóknin og þeir beðnir um að samþykkja þátttöku barna sinna skriflega. Foreldrar voru beðnir um að láta vita ef börn þeirra höfðu ekki íslensku að móðurmáli eða ef þau voru tvítyngd.

Prófendur voru tveir, einn cand.psych. nemi í sálfræði og einn leikskólakennari. Börnin voru prófuð á skólatíma, eitt barn í senn, í næði afsíðis með prófanda. Prófandi sat andspænis þátttakanda. Fyrst fengu öll börnin sömu fyrirmæli (sjá viðauka 2), þá hófst prófun þar sem öll þýdd atriði úr PPVT voru lögð fyrir hvert barn. Prófandi skráði svör þátttakenda á þar til gerð skráningarblöð Þess var gætt að bjóða þeim börnum sem þreyttust hlé, til að lágmarka áhrif þreytu á niðurstöður.

**Úrvinnsla.** Svör þátttakenda voru skráð í spss-forritið og heildarstigafjöldi reiknaður. Gerð var atriðagreining á prófatriðum. Í atriðagreiningu fólst í fyrsta lagi að skoða þyngd atriða, þ.e. hlutfall þátttakenda sem svöruðu hverju prófatriði rétt. Þyngd atriða var borin saman milli aldurshópa til að kanna hvort atriði greindu á milli aldurshópanna þriggja, með öðrum orðum hvort atriði væru þyngri fyrir yngri börn en eldri. Einnig var þátttakendum skipt í þrjá hópa eftir heildarstigafjölda og þyngd atriða milli hópa skoðuð, einnig með tilliti til þess hvort einstök atriði greindu á milli

þátttakenda eftir heildarframmistöðu. Út frá þessu var prófatriðum raðað í nýja röð, eftir þyngd.

Í öðru lagi voru valkostir hvers atriðis skoðaðir með það að leiðarljósi að athuga hvort allir svarmöguleikar væru notaðir. Gerð var tíðnigreining á öllum prófatriðum og valkostum þeirra. Þau atriði sem innihéldu valkosti sem sjaldan eða aldrei voru valdir voru tekin til athugunar. Nýjar myndir sem rannsakandi áleit að pössuðu betur voru valdar í stað þeirra sem ekki virkuðu. Þær voru valdar úr PPVT-4, enda eru margar myndir notaðar oft en einu sinni í prófinu. Að þessu loknu voru nýjar prófbækur útbúnar þar sem atriðum var raðað í þyngdarröð, með léttustu atriðum fremst.

## Niðurstöður

**Þyngdarröð atriða.** Hlutfall réttra svara í hverju prófatriði var reiknað út og prófatriðum raðað í þyngdarröð eftir því. Þyngdarröð atriða var skoðuð í þrennu lagi. Í fyrsta lagi var þyngdarröð skoðuð út frá gögnum allra þátttakenda, í öðru lagi var þyngd skoðuð út frá hverjum aldurshópi og í þriðja lagi var þátttakendum skipt í þrjá hópa eftir heildarstigafjölda þeirra og þyngd atriða skoðuð í hverjum getuhóp fyrir sig. Þyngdarröð eftir getu og eftir aldri var mjög svipuð. Ákveðið var að nota þyngd eftir aldri og þyngdina að meðaltali til að raða atriðum. Þyngdarröð eftir aldri og þyngdarröð alls hópsins má sjá í viðauka 3. Þar má einnig sjá nýja þyngdarröð sem búin var til út frá upplýsingum um frammistöðu á forprófun 1.

**Vægi svarmöguleika.** Tíðni svara við hverri myndanna fjögurra í hverju prófatriði var skoðuð. Myndir sem aldrei voru valdar voru teknar til endurskoðunar og nýjar myndir valdar í þeirra stað. Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir breytingar á myndum eftir fyrstu forprófun. Eins og sjá má var 23 myndum, úr 19 prófatriðum, breytt. Nýjar myndir

voru valdar úr PPVT-4 út frá hyggjuviti rannsakenda. Reynt var að velja myndir sem væru jafn líklegar til að verða valdar og þær sem fyrir voru í prófatriðinu og þess gætt að þær skæru sig ekki úr á einhvern hátt.

**Tafla 3.** Breytingar á myndum eftir fyrstu forprófun.

Númer í PPVT-4	Þýtt og staðfært atriði	Breytingar
27	Hrasa	Mynd 1/49 í staðinn f. mynd 1
30	Grindverk	Mynd 1/211 í staðinn fyrir mynd 4
50	Reglustika	Myndir 4/22 og 3/26 í staðinn fyrir myndir 2 og 3
56	Næla	Myndir 4/45 og 2/100 í stað mynda 1 og 2
66	Kaktus	Myndir 2/1 og 3/226 í stað mynda 1 og 4
78	Laukur	Myndir 1/217 og 2/19 í staðinn fyrir 1 og 4
82	Flokka	Mynd 3/70 í staðinn fyrir mynd 2
85	Rostungur	Mynd 4/205 í staðinn fyrir mynd 4
91	Vasi	Mynd 3/75 í stað myndar 1
97	Ránfugl	Mynd af mörgæs í stað myndar 4
102	Múra	Mynd 2/198 í stað myndar 2
103	Peningaskápur	Mynd 3/109 í stað myndar 1
110	Stjórna	Mynd 2/70 í stað myndar 3
126	Urra	Mynd ½ í stað myndar 2
128	Skyndibiti	Mynd 2/187 í stað myndar 1
129	Uppblásin	Mynd 4/193 í stað myndar 1
132	Nagdýr	Mynd 3/216 í stað myndar 2
160	Kylfa	Mynd 4/100 í stað myndar 1
208	Hnupla	Mynd 4/27 í stað myndar 1

Í töflu 4 er yfirlit yfir hvernig breytingum þýdd og staðfærð atriði hafa tekið eftir þýðingarferli og forprófun 1.

**Tafla 4.** Fjöldi og hlutfall óbreyttra og breyttra prófatriða og eðli breytinga eftir þýðingu, staðfærslu og forprófun 1.

Breytingar	Fjöldi atriða	%
Engin breyting	123	74,6
Spurningu breytt	16	9,7
Einni mynd breytt	11	6,7
Tveimur myndum breytt	4	2,4
Spurningu og einni mynd breytt	7	4,2
Spurningu og tveimur myndum breytt	2	1,2
Spurningu og þremur myndum breytt	1	0,6
Öllu breytt	1	0,6
Samtals	165	100

Atriði prófsins virðast greina á milli nemenda eftir því hversu mikinn orðaforða þeir hafa, því fjöldi réttra svara eykst eftir því sem þátttakendur eru eldri. Í töflu 5 sést

meðaltal réttara svara eftir aldri. Elstu nemendurnir, börn á níunda ári, eru með flest stig að meðaltali, börn á fimmta ári með fæst stig að meðaltali og börn á sjöunda ári með meðalstigafjölda á milli hinna hópanna.

**Tafla 5.** Meðalfjöldi stiga eftir fæðingarári í forprófun 1.

<b>Fæðingarár</b>	<b>N</b>	<b>Meðalfjöldi stiga</b>	<b>sf</b>
2000	15	131,13	8,72
2002	15	116,47	13,63
2004	15	98,33	8,86

## Umræða

Í fyrstu forprófun voru 165 þýdd og staðfærð prófatriði, sem valin höfðu verið úr PPVT-4 lögð fyrir 45 börn fædd 2000, 2002 og 2004. Niðurstöður forprófunarinnar voru notaðar til að raða þýddum atriðum í íslenska þyngdarröð auk þess sem þeir svarmöguleikar spurninganna sem aldrei voru valdir voru endurskoðaðir.

Niðurstöður þessarar fyrstu forprófunar gefa sennilega aðeins grófa mynd af þyngdarröð atriða og gagnsemi þeirra. Við þýðingu og staðfærslu prófa þarf alla jafna að minnsta kosti 2-3 forprófanir til að viðunandi þyngdarröð náist (Einar Guðmundsson, 2005-2006) og gera má ráð fyrir að það sama eigi við hér. Því er ljóst að nauðsynlegt er að forprófa atriðin aftur til að fá gleggri mynd af því hvernig eiginleikar prófatriða eru.

Í þessari fyrstu forprófun voru öll atriði lögð fyrir alla þátttakendur til að afla sem mestra upplýsinga um prófatriðin. Það reyndi talsvert á bæði prófendur og próftaka að þurfa að fara í gegnum 165 prófatriði. Það er leiðinlegt og lýjandi fyrir eldri börn með ríkan orðaforða að svara mörgum léttum atriðum sem reyna ekkert á þau og ekki síður erfitt fyrir ung börn sem kunna fá orð að þurfa að fara í gegnum öll

erfiðustu orðin sem þau þekkja ekki. Einnig kom í ljós að mikið er af léttum atriðum sem ekkert barn svaraði vitlaust.

Næsta forprófun þarf að hafa það að markmiði að útbúa nákvæmari þyngdarröð, til að raða léttustu atriðum í nákvæmari þyngdarröð er vænlegast að leggja þau fyrir yngri og getuminni börn og til að raða þyngstu atriðunum í nákvæmari þyngdarröð er skynsamlegt að leggja þau fyrir eldri og getumeir börn sem svara þeim frekar rétt. Einnig þarf að ákvarða bæði reglu um hvar mismunandi aldurshópar eiga að byrja í prófinu (byrjunarreglu) og hvenær rétt sé að hætta prófun (stoppreglu). Að lokum er nauðsynlegt að skoða hvort breytingar sem gerðar voru á svarmöguleikum atriða hafi verið til batnaðar.

## **Gagnasafn 2**

Tilgangur annarrar forprófunar var fyrst og fremst að skoða og lagfæra þyngdarröð léttustu og þyngstu prófatriða. Þar sem fyrstu atriðin prófsins eru það létt að lang flest fjögurra ára börn svara þeim rétt þarf upplýsingar um getuminni börn til að geta raðað atriðunum í rétta þyngdarröð. Að sama skapi eru þyngstu atriði prófsins það þung að aðeins getumestu börnin geta svarað þeim. Því voru léttustu atriði prófsins, miðað við forprófun 1, lögð fyrir þriggja ára gömul börn (fædd 2005) en þyngstu atriði miðað við forprófun 1 lögð fyrir níu ára gömul börn (fædd 1999) í þeim tilgangi að raða þeim í nákvæmari þyngdarröð en unnt var eftir forprófun 1. Þar sem atriðum var breytt eftir forprófun 1 er ekki hægt að leggja niðurstöður beggja forprófana saman við úrvinnslu.



## Aðferð

### Þátttakendur

Í annarri forprófun var 31 þátttakandi. Fimmtán börn fædd 2005, átta drengir og sjö stúlkur, úr leikskólanum Garðaseli í Keflavík og 16 börn í fjórða bekk, fædd 1999), tíu drengir og sex stúlkur, úr Vesturbæjarskóla í Reykjavík. Börnin voru öll íslensk, eintyngd og talin þroskast eðlilega. Um hentugleikaúrtak var að ræða. Skólarnir voru valdir þar sem staðsetning þeirra og aðgengi fyrir rannsakendur var þægilegt.

Kennarar í skólunum tveimur völdu börn til þátttöku.

**Tafla 6.** Fæðingarár, aldur, kyn og fjöldi þátttakenda.

Fæðingarár	Aldur barns á árinu	Drengir	Stúlkur	N
1999	10	10	6	16
2005	4	8	7	15

### Mælitæki

Útbúnaðar voru tvær prófbækur, önnur með 64 léttustu prófatriðunum og hin með 47 þyngstu prófatriðunum úr forprófun 1. Léttustu atriðin voru þau sem u.þ.b. 80% eða fleiri þátttakenda í forprófun 1 svöruðu rétt. Þyngstu atriði voru þau sem u.þ.b. 50% eða færri þátttakenda í forprófun 1 svöruðu rétt. Léttari atriðin voru lögð í þyngdarröð fyrir börn fædd 2005 og þyngri atriðin voru lögð í þyngdarröð fyrir börn fædd 1999. Svör voru skráð á þar til gerð svarblöð. Í viðauka 3 má sjá þyngdarröð atriða í forprófun 2 og í viðauka 4, fyrstu tveimur dálkum, má sjá hvaða atriði voru lögð fyrir hvorn aldurshóp.

### Framkvæmd

**Fyrirlögn.** Prófundur voru þrír, cand.psych. nemi í sálfræði og grunnskóla-kennari sem lögðu prófið fyrir þátttakendur í Reykjavík og leikskólakennari sem prófaði

þátttakendur í Keflavík. Prófanir fóru fram á sama hátt og í forprófun 1 að því undanskildu að nú var aðeins hluti prófatriða lagður fyrir þátttakendur. Yngri börnin sem fædd voru 2005 voru spurð um léttustu 64 atriðin, en eldri hópurinn, fæddur 1999, var spurður um 47 þyngstu atriðin.

**Úrvinnsla.** Tilgangur forprófunar 2 var að raða léttustu og þyngstu atriðum prófsins nákvæmar til að greina betur á milli getuminnstu próftakanna og á milli getumestu próftakanna. Því var hlutfall réttra svara skoðað á ný og þyngdarröðun breytt þegar það átti við.

Einnig voru gögn forprófunar 1 og 2 skoðuð í þeim tilgangi að ákvarða grófar byrjunar- og stoppreglur fyrir forprófun 3.

## Niðurstöður og umræða

**Þyngdarröð atriða.** Reiknuð var út tíðni réttra svara við 64 léttustu atriðum þýddra og staðfærðra atriða PPVT-4, sem lögð voru fyrir 3-4 ára börn, og við 47 þyngstu atriðum mælitækisins, sem lögð voru fyrir 9-10 ára börn. Tíðni réttra svara beggja hópa má sjá í viðauka 4. Ný þyngdarröð var búin til út frá niðurstöðum tíðnigreiningarinnar. Í 4. dálki í viðauka 4 má sjá þyngdarröð atriða eftir forprófun 1 og 2.

Prófatriðum var skipt í 14 blokkir sem hver innihélt 12 atriði. Í bandarískri útgáfu PPVT-4 eru 12 atriði í hverri blokk og ákveðið var að hafa það eins í íslensku þýðingunni.

Það er líklegt að þyngdaröð léttustu atriða verði nákvæmari eftir þessa forprófun en hún var fyrir. Atriði sem allir þátttakendur forprófunar 1 svöruðu rétt voru mörg (sjá viðauka 3) og með því að leggja þau fyrir yngri börn mátti fá nasasjón af því hver þyngd þeirra væri. Þar sem þátttakendur fæddir 2005 eru ekki nema 15 talsins verður

Þessi þyngdarröð þó ekki óyggjandi. Svipaða sögu má segja af þyngstu atriðum prófsins, sem lögð voru fyrir börn fædd 1999. Með því að leggja þau fyrir hóp barna sem svarar fleiri atriðum rétt fæst nákvæmari þyngdarröðun en fékkst með forprófun 1. Aftur þarf að hafa á bak við eyrað að þátttakendur eru ekki margir og því ekki hægt að treysta því að þyngdarröð sé fullkomin.

**Byrjunar- og stoppreglur.** Byrjunarregla var ákvörðuð út frá niðurstöðum forprófana 1 og 2. Miðað var við að yngstu börnin, 4-5 ára, byrji þar sem um 90% þriggja ára barna svöruðu rétt á forprófun 2, að 6-7 ára börn byrji þar um 90% 4-5 ára (fædd 2004) svöruðu rétt í forprófun 1 og að 8-9 ára börn byrji þar sem um 90% 6-7 ára barna svöruðu rétt í forprófun 1. Út frá þessum viðmiðum var ákveðið að fjögurra til fimm ára börn byrji í blokk 3, sex til sjö ára í blokk 5 og átta til níu ára börn byrji í blokk 7. Einnig var sú regla sett, í samræmi við reglur PPVT-4, að ef próftaki gerir tvær eða fleiri villur í þeirri blokk sem hann byrjar í skuli bakkað aftur í blokkina á undan og hún einnig lögð fyrir. Þetta skuli gert þar til barn hefur svarað fyrstu blokk með í mesta lagi einni villu. Ákveðið var að hafa sömu stoppreglu og í bandarískri útgáfu prófsins, þá að ef átta eða fleiri atriðum í sömu blokk er svarað rangt er prófun hætt.

Nauðsynlegt er að skoða í næstu forprófun hvort byrjunar- og stoppreglur eru viðeigandi. Einnig er brýnt að skoða hvernig þau atriði sem breytt var eftir forprófun 1 virka. Það var ekki athugað í þessari forprófun þar sem aðeins hluti atriða, þau léttustu og þyngstu, var lagður fyrir og öll breyttu atriðin voru ekki meðal þeirra. Skynsamlegt hefði verið að leggja öll breytt atriði fyrir báða aldurshópana í forprófun 2, en það var ekki gert.

## Gagnasafn 3

Tilgangur þriðju forprófunar var í fyrsta lagi að skoða þyngdarröðun atriða og bera þyngdina saman við þyngdarröðun eftir forprófanir 1 og 2. Í öðru lagi að skoða þau atriði þar sem mynd eða myndum hafði verið breytt eftir forprófun 1 og að leggja mat á hvort þessar breytingar á svarmöguleikum atriða, sem ákvarðaðar voru eftir forprófun 1, væru til bóta. Í þriðja lagi var tilgangur forprófunar 3 að meta hvort byrjunar- og stoppreglur sem ákvarðaðar voru eftir fyrstu tvær forprófanirnar væru viðeigandi eða hvort endurskoða þyrfti þær. Í fjórða lagi var markmiðið að meta að einhverju leyti áreiðanleika og réttmæti mælitækisins áður en það yrði lagt fyrir í rannsókn.

## Aðferð

### Þátttakendur

Í þriðju forprófun voru 55 þátttakendur: Þrjátíu og eitt barn, 18 stúlkur og 13 drengir, í þriðja bekk (f. 2000) úr Heiðarskóla í Keflavík og Vesturbæjarskóla í Reykjavík og 24 börn, 15 drengir og níu stúlkur, á næstsíðasta ári í leikskóla (f. 2004) úr leikskólunum Vesturborg og Hagaborg í Reykjavík og Hjallatúni og Garðaseli í Keflavík. Börnin voru öll íslensk, eintyngd og talin þroskast eðlilega. Um hentugleikaúrtak var að ræða. Skólarnir voru valdir þar sem staðsetning þeirra og aðgengi fyrir rannsakendur var þægilegt.

**Tafla 7.** Fæðingarár, aldur, kyn og fjöldi þátttakenda.

Fæðingarár	Aldur barns á árinu	Drengir	Stúlkur	N
2000	9	13	18	31
2004	5	15	9	24

## **Mælitæki**

Prófbók var útbúin þar sem endurskoðuðum prófatriðunum 165 úr PPVT-4 var raðað eftir þyngd út frá forprófunum 1 og 2 (sjá viðauka 4). Atriðin voru sett saman í 14 blokkir sem hver innihélt 12 atriði að síðustu blokk undanskilinni, en hún innihélt 9 atriði. Atriðum var raðað eftir þyngd og sett drög að byrjunar- og stoppreglu.

## **Framkvæmd**

*Fyrirlögn.* Prófundur þriðju forprófunar voru fjórir: Cand. psych. nemi, grunnskólakennari og tveir leikskólakennarar. Prófið var lagt fyrir þátttakendur með drögum að byrjunar- og stoppreglum sem settar voru til út frá forprófunum 1 og 2. Börn fædd 2004 byrjuðu á blokk þrjú en börn fædd 2000 á blokk 5. Þátttakendur máttu að hámarki gera eina villu í þeirri blokk sem þeir byrjuðu í, ef fleiri villur voru gerðar var bakkað í blokkina á undan. Fyrirlögn var hætt ef þátttakandi gerði átta eða fleiri villur í röð.

*Úrvinnsla.* Gögn voru sett inn í spss-forritið. Eftir forprófun 3 var fernt tekið til athugunar: Í fyrsta lagi var þyngdarröðun atriða skoðuð. Í öðru lagi var vægi þeirra valkosta sem breytt var eftir forprófun 1 skoðað. Í þriðja lagi voru niðurstöður einstakra þátttakenda skoðaðar til að kanna hvort byrjunar- stoppreglur væru eðlilegar eða hvort þær mættu vera rýmri eða þrengri. Í fjórða og síðasta lagi var reiknaður helmingunaráreiðanleiki prófatriða.

## **Niðurstöður**

*Þyngdarröð atriða.* Þyngdarröðun atriða var skoðuð, bæði heildarþyngdarröðun og þyngdarröðun hvors árgangs fyrir sig, og borin saman við þyngdarröðun atriða eftir forprófanir 1 og 2. Sjá má meðaleinkunn barna í hvorum árgangi og meðaleinkunn

allra barna í hverju atriði í töflu í viðauka 5. Þar má einnig sjá nýja þyngdarröð sem búin var til út frá þessum gögnum. Atriði voru almennt ekki færð mikið til.

Þyngdarröð innan blokka var fyrst og fremst endurskoðuð og stöku atriði fært frá einni blokk yfir á næstu á undan eða eftir. Í viðauka 6 eru þyngdarraðir allra forprófana, þar má sjá hvernig atriði færðust til eftir forprófanir þegar nýjar þyngdarraðir atriða voru myndaðar.


**Tafla 8.** Dreifing svara á svarmöguleika í atriðum sem var breytt eftir forprófun 1. Rétt svar er feitletrað.

Númer í PPVT-4	Þýtt og staðfært atriði	Breytt(ar) mynd(ir)	N	mynd 1	mynd 2	mynd 3	mynd 4
27	Hrasa	1	55	2	2	3	<b>46</b>
30	Grindverk	4	55	0	2	<b>50</b>	3
50	Reglustika	2; 3	55	<b>45</b>	6	1	3
56	Næla	1; 2	55	6	2	<b>40</b>	4
66	Kaktus	1; 4	55	5	<b>44</b>	4	2
78	Laukur	1; 4	55	5	2	<b>47</b>	1
82	Flokka	2	55	<b>43</b>	2	2	6
85	Rostungur	4	55	3	4	<b>39</b>	2
91	Vasi	1	55	3	1	6	<b>44</b>
97	Ránfugl	4	55	<b>38</b>	6	1	10
102	Múra	2	55	6	2	2	<b>41</b>
103	Peningaskápur	1	55	3	2	4	<b>35</b>
110	Sjórna	3	55	<b>50</b>	1	2	2
126	Urra	2	55	<b>41</b>	0	0	51
128	Skyndibiti	1	55	12	2	<b>18</b>	2
129	Uppblásin	1	55	1	1	<b>27</b>	5
132	Nagdýr	2	55	6	2	<b>37</b>	2
160	Kylfa	1	55	2	<b>44</b>	3	5
208	Hnupla	1	55	7	<b>21</b>	2	9

**Mat á endurskoðuðum atriðum.** Vægi mynda sem breytt var eftir forprófun 1 var skoðað. Öll prófatriði nema eitt bötnuðu við breyttar myndir á þann hátt að tíðni svara varð jafnari milli svarmöguleikanna fjögurra. Eina atriðið sem batnaði ekki var *urra* (nr. 126 í PPVT-4), enginn þátttakandi valdi þá mynd sem breytt hafði verið og svör dreifðust á tvo svarmöguleika af fjórum. Í töflu 8 má sjá yfirlit yfir tíðni svara við hverjum svarmöguleika í atriðum sem var breytt eftir forprófun 1.

**Byrjunar- og stoppreglur.** Svör nemenda voru skoðuð í þeim tilgangi að meta hvort byrjunar- og stoppreglur væru viðeigandi. Tekin var ákvörðun um að halda byrjunarreglum óbreyttum, en breyta stoppreglu þannig að próftaki hætti eftir sjö röng svör í sömu blokk. Þessi ákvörðun var tekin þar sem enginn þátttakandi í rannsókninni svaraði sjö svörum rangt og náði sér svo á strik. Aðeins einn þátttakandi var með sex villur og komst svo aftur á sporið, aðrir þátttakendur gerðu ekki fleiri villur en fjórar í röð, fyrr en þeir dattu alveg út. Byrjunarreglu er haldið óbreyttri þar sem þátttakendur gátu flestir svaraði fyrstu blokk villulaust. Tveir þátttakendur fæddir 2004 þurftu þó að bakka aftur í blokkina á undan og einn þátttakandi fæddur 2000.

**Réttmæti.** Meðalstigafjöldi eftir aldri var skoðaður. Börn fædd 2004 voru með 75,9 stig að meðaltali, *sf* 20,4 og börn fædd 2000 með 139 stig að meðaltali, *sf* 13 (sjá mynd 2).




**Mynd 2.** Fjöldi stiga eftir fæðingarári

Þegar árgöngunum í skipt í fjóra 6 mánaða hópa sést einnig munur eftir aldri þannig að börn svara fleiri atriðum rétt eftir því sem þau eru eldri, sjá töflu 9 og mynd 3. Samkvæmt einhliðadreifingreiningu er marktækur munur á stigum 51-56 mánaða og

57-62 mánaða barna,  $p < 0,05$ , en ekki er munur á frammistöðu 99-104 mánaða og 105-11 mánaða barna.

**Tafla 9.** Meðalfjöldi stiga eftir aldri í mánuðum

fæðingarár	aldur í mánuðum	N	Meðalfjöldi stiga	Staðalfrávik
2004	51-56	10	66,2	6,07
2004	57-62	14	82,78	5,03
2000	99-104	21	136,85	2,99
2000	105-111	10	146	2,77




**Mynd 3.** Dreifing stiga þátttakenda á 6 mánaða aldursbilum

Þegar meðalstigafjöldi er skoðaður eftir aldri barna í mánuðum sést að talsverðar sveiflur eru á frammistöðu barna innan árgangs. Þannig eru 56 mánaða gömul börn t.d. með færri stig að meðaltali en 52 mánaða gömul börn og 109 mánaða



börn með færri stig að meðaltali en 106 mánaða börn (sjá mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi stiga eftir aldri í mánuðum

**Helmingunaráreiðanleiki.** Reiknaður var helmingunaráreiðanleiki atriða á sex mánaða aldursbilum þátttakenda. Oddatöluatriði prófsins voru borin saman við slétttöluatriði. Helmingunaráreiðanleiki var hár, á bilinu 0,812 til 0,969 (sjá töflu 10).

Tafla 10. Helmingunaráreiðanleiki þýðingar og staðfærslu í forprófun 3 á 6 mánaða aldursbilum

Aldur í mánuðum	N	Helmingunaráreiðanleiki
51-56	10	0,962
57-62	14	0,954
99-104	21	0,969
105-110	10	0,812

## Umraeða

Markmið forprófunar 3 á þýddu og staðfærðu orðaforðaprófi var fjórþætt. Í fyrsta lagi að afla gagna til þess að skoða þyngdarröðun þýddra og staðfærðra atriða úr PPVT-4

og endurskoða hana ef þörf þætti til. Í öðru lagi að meta hvort breytingar á atriðum sem gerðar voru eftir fyrstu forprófun hefðu bætt prófið. Í þriðja lagi að meta byrjunar- og stoppreglur og í fjórða lagi að meta áreiðanleika og réttmæti mælitækisins.

Prófið PPVT-4 er byggt upp af orðum sem þyngjast stig af stigi. Þýddu og staðfærðu prófi á íslensku er ætlað að vera svipuð að uppbyggingu. Þau orð sem þýtt próf samanstendur af eiga líka að þyngjast stig af stigi. Þar sem prófið er með byrjunar- og stoppreglur gengur prófun aðeins upp ef þyngdarröðun atriða er rétt Þegar meðalstigfjöldi hvers atriðis í forprófun 3 var borin saman við þá röð sem forprófanir 1 og 2 gáfu til kynna virtist röðin vera orðin nokkuð nákvæm. Lítið sem ekkert var um að orð færðust mikið til, mest færðust þau á milli samliggjandi blokka og flest orðin héldust innan sömu blokkar en var raðað þar í nákvæmari þyngdarröð.. Taka þarf þó tillit til þess að þátttakendur forprófunar 3 voru aðeins 55 talsins og því er óvíst að þyngdarröð sé orðin eins nákvæm og hún gæti verið ef prófið hefði verið lagt fyrir fleiri þátttakendur. Leiða má líkur að því að til að fá nákvæma þyngdarröð atriða þyrfti að leggja þau fyrir mikið fleiri þátttakendur en hér hefur verið gert. Þó er það alveg ljóst að þyngdarröð atriða er réttari nú en hún var áður en forprófanir hófust.

Í forprófun 1 var vægi hvers svarmöguleika í öllum prófatriðum skoðað og í kjölfarið var þeim myndum sem þátttakendur völdu ekki eða völdu hlutfallslega mikið oftast en hinar skipt út. Eftir forprófun 3 vægi atriðanna skoðað aftur. Flest atriði bötnuðu við breytingarnar að því leyti að allir svarmöguleikar voru einhvern tímann valdir. Sumir voru þó valdir sjaldan, jafnvel bara af einum eða tveimur þátttakendum. Ef þátttakendur hefðu verið fleiri hefði fengist betri mynd af vægi svarmöguleika og þar með hefði verið hægt að meta með áreiðanlegri hætti gæði prófatriða.

Enn eru upplýsingar sem fyrir liggja um áreiðanleika og réttmæti mælitæksins frekar snautlegar.

Helmingunaráreiðanleiki er mjög hár, innri stöðugleiki mælitæksinsin virðist því góður. Upplýsingar um endurprófunaráreiðanleika til viðbótar við helmingunaráreiðanleika gæfu enn betri vísbendingu um áreiðanleika. Þess háttar upplýsingar eru því miður ekki fyrir hendi.

Ljóst er að frammistaða á prófinu eykst með aldri, forprófun 3 sýndi að börn sem fædd eru árið 2000 svara mikið fleiri atriðum rétt heldu en börn sem eru fædd 2004. Þetta rennir stoðum undir hugsmíðaréttmæti prófsins, að það meti orðaforða barna sem vissulega hefur tilhneigingu til að aukast samfara auknum aldri og þroska. Hins vegar sást ekki munur á frammistöðu barna sem fædd eru á sama aldursári. Líkast til má kenna litlu úrtaki um það, ef fleiri börn hefðu verið í úrtakinu sæst sennilega meiri munur milli aldurshópa innan árgangs.

Viðmiðsréttmæti mælitækisins er óljóst. Niðurstöður forprófunar sýna að geta eykst með aldri, en ekki hvaða geta býr að baki auknum fjölda stiga. Þar sem fengist er við orð í prófinu er rökrétt að gefa sér það að prófið mæli skilning á orðum. Til að vita hvort prófið mælir raunverulega orðaforða, eða hvort það meti einhverja allt aðra hæfni, þarf að bera frammistöðu á prófinu við frammistöðu á öðrum verkefnum sem reyna á orðskilning. Til viðbótar þarf að bera frammistöðu á orðskilningsprófinu við frammistöðu á verkefnum sem reyna ekki á orðaforða. Fylgni milli orðskilningsprófsins og mælitækja sem meta málþroska eða orðaforða ættu að vera meiri en milli orðskilningsprófs og mælitækja sem meta færni sem reynir ekki á orðskilning.

## Gagnasafn 4

Aðalfyrirlögn þýðingar og staðfærslu orðaforðaprófsins PPVT-4 fór fram á vormánuðum 2009, sem hluti af rannsókninni „Þroski leik- og grunnskólabarna: sjálfstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára“ sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands (númer rannsóknar: 08064802; verkefnisstjóri: Hrafnhildur Ragnarsdóttir). Markmið þeirrar úrvinnslu sem hér er greint frá voru að meta gæði þýðingar og staðfærslu. Áreiðanleiki mælitækis og hugsníða- og viðmiðsréttmæti voru skoðuð.

## Aðferð

### Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru börn í næstelsta árgangi leikskóla (fædd 2004) og 1. bekk grunnskóla (fædd árið 2002). Þátttakendur voru allir í úrtaki sem valið hafði verið til langtímarannsóknar á málþroska, sjálfstjórn og læsi fjögurra til átta ára barna, en þeirri rannsókn er stýrt af dr. Hrafnhildi Ragnarsdóttur. Tekið var lagskipt úrtak úr leikskólum og grunnskólum úr þremur hverfum á höfuðborgarsvæðinu, sem valin voru á grundvelli meðalárangurs nemenda á lesskimun í 2. bekk grunnskóla 2008. Valdir voru fjórir grunnskólar sem sýnt höfðu misgóðan árangur á lesskimun í 2. bekk grunnskóla 2008 og tíu leikskólar úr sömu hverfum sem voru í samstarfi við grunnskólana til þess að einfaldara yrði að fylgja börnunum eftir.

Skilyrði fyrir þátttöku voru skriflegt leyfi foreldra og að börnin væru hvorki tvítyngd né hefðu greinst með sértæk þroskafrávik. Leyfisbréf voru send til 145 foreldra leikskólabarna og 162 grunnskólabarna. Af þeim uppfylltu 111 leikskólabörn (56 drengir og 55 stúlkur) og 111 grunnskólabörn (65 drengir og 44 stúlkur) skilyrði um þátttöku, samtals 222 börn. Orðaforðaprófið var lagt fyrir 217 þessara barna, 120

drengi og 97 stúlkur. Meðalaldur barna í yngri hópnum var 58 mánuðir og í eldri hópnum 82 mánuðir þegar prófið var lagt fyrir þau, sjá töflu 11.

**Tafla 11.** Fæðingarár, aldur, kyn og fjöldi þátttakenda.

Fæðingarár	Meðalaldur í mán.	Stúlkur	Drengir	N
2002	82	46	64	110
2004	58	51	56	107

Í töflu 12 má sjá fjölda þátttakenda eftir aldri þeirra í mánuðum.

**Tafla 12.** Fjöldi þátttakenda eftir aldri í mánuðum.

Fæðingarár	Aldur í mánuðum	Fjöldi	%
2004	52	3	1,4
	53	7	3,2
	54	10	4,6
	55	9	4,1
	56	9	4,1
	57	8	3,7
	58	8	3,7
	59	6	2,8
	60	15	6,9
	61	5	2,3
	62	14	6,4
	63	10	4,6
	64	3	1,4
	2002	75	2
76		6	2,8
77		8	3,7
78		6	2,8
79		10	4,6
80		14	6,4
81		11	5,0
82		8	3,7
83		6	2,8
84		12	5,5
85		9	4,1
86		9	4,1
87		8	3,7
88		1	,5

## Mælitæki

Mælitæki rannsóknar var íslensk þýðing og staðfærsla á orðskilningsprófinu PPVT-4, prófgerð A. Hið þýdda og staðfærða próf inniheldur 165 prófatriði og er ætlað börnum á aldrinum fjögurra til átta ára. Hvert atriði samanstendur af fjórum litmyndum sem eru saman á einni blaðsíðu og markorði sem lesið er fyrir próftaka. Próftaki er beðinn um að benda á þá litmynd sem honum finnst passa best við markorðið

Prófatriði eru í þyngdaröð, prófið hefst á léttustu atriðunum en þyngist smám saman. Atriðum prófsins er skipt í 14 blokkir. Hver blokk inniheldur 12 prófatriði, nema síðasta blokkinn sem inniheldur níu atriði.

Byrjunar- og stoppreglur eru í prófinu, byrjunarstaður ákvarðast eftir aldri þátttakenda (sjá á svarblaði í viðauka 7) og prófun er hætt þegar próftaki hefur gert sjö villur í sömu blokk. Ef barn gerir tvær villur eða fleiri í byrjunarblokk á að klára þá blokk en bakka svo aftur í blokkina á undan og leggja hana líka fyrir. Þetta skal gert þar til barn hefur náð að gera eina eða enga villu í fyrstu blokk.

Hætta ber fyrirlögn ef barn hefur gert *sjö eða fleiri* villur í einni blokk. Þá er sú blokk kláruð til enda en prófun síðan hætt.

Svör þátttakanda eru skráð á þar til gert svarblað (sjá viðauka 7). Barn fær fullt hús stiga fyrir öll orð áður en það byrjar (t.d. fær barn sem byrjar á blokk 2 fullt hús fyrir blokk 1). Síðan eitt stig fyrir hvert rétt svar

Litmyndirnar eru í ljósritaðri gormaðri bók með plastkápu. Sömu fyrirmæli eru lesin fyrir alla þátttakendur, þau eru á sérstöku blaði sem fylgir með prófbók (sjá viðauka 2).

## **Framkvæmd**

**Fyrirlögn.** Gagnasöfnun fór fram frá apríl til maí 2009. Orðaforðaprófið var lagt fyrir eitt barn í einu, á skólatíma. Allir sem komu að fyrirlögnunum voru með leikskóla- eða grunnskólakennarapróf og voru sérstaklega þjálfaðir í að leggja prófið fyrir. Lögð var áhersla á að trufla skólastarf sem minnst og gera þátttöku sem áhyggjulausasta og skemmtilegasta fyrir börnin. Útskýrt var fyrir börnunum að þau gætu hætt þátttöku hvenær sem þau vildu.

**Úrvinnsla.** Gögn voru slegin inn í spss forritið. Byrjað var á því að skoða þyngdarröðun atriða og bera hana saman við þyngdarröðun atriða í forprófun 3. Miðað var við að ef atriði færðist meira en sem nemur stoppreglu prófsins (um 7 atriði) væri ástæða til að efast um staðsetningu atriðis í prófinu. Helmingunaráreiðanleiki prófsins var reiknaður. Réttmæti prófsins var metið með ýmsu móti: Könnuð var fylgni aldurs við frammistöðu. Fylgni við önnur mælitæki rannsóknar var athuguð auk þess sem gerð var þáttagreining á prófatriðum til að kanna hvort einn þáttur (orðaforði) skýrði frammistöðu próftaka. Til að kanna hugsmíðarréttmæti var hlutfylgni við önnur mælitæki sem lögð voru fyrir í rannsókninni reiknuð.

## **Niðurstöður**

**Þyngdarröðun.** Þyngdarröðun atriða var skoðuð, bæði var skoðað var hvernig svörum dreifðist eftir aldri og einnig var þyngdaröðun atriða eftir aðalfyrirlögn borin saman við þá þyngdarröðun atriða sem ákveðin hafði verið út frá forprófunum 1-3. Tíðni réttra svara við hvert atriði prófsins var reiknuð og skoðað hvort atriði væru á réttum stað miðað við þyngd þeirra. Eins og sjá má í viðauka 8 var talsvert mikil hreyfing á atriðum, mörg atriði færðust um 8-12 sæti í þyngdarröðinni þegar þyngd atriða í

gagnasafni 4 var borin saman við þá þyngdarröð sem ákvörðuð hafði verið eftir forprófanir 1-3. Lítið var þó um að atriði færðust meira en það. Mest var hreyfing atriða í miðju prófsins, í blokkum 6-11.

**Áreiðanleiki.** Helmingunaráreiðanleiki var reiknaður á þriggja mánaða aldursbilum. Oddatölutriði prófsins voru borin saman við sléttölutriði. Í töflu 13 má sjá að helmingunaráreiðanleiki prófsins á þriggja mánaða aldursbilum þátttakenda var mjög hár, eða á bilinu 0,93-0,98. Hann er svipaður og í bandarískri útgáfu PPVT-4 prófgerð A, helmingunaráreiðanleiki atriða hjá þessum aldurshópum (N=52-89) er á bilinu 0,93-0,97.

**Tafla 13.** Helmingunaráreiðanleiki þýðingar og staðfærslu PPVT-4 á þriggja mánaða aldursbilum.

<b>aldur</b>	<b>N</b>	<b>Helmingunaráreiðanleiki</b>
52-54	20	0,96
55-57	26	0,95
58-60	29	0,93
61-63	32	0,96
75-78	16	0,96
79-81	30	0,91
82-84	25	0,95
85-87	30	0,99
87-88	9	0,98

**Viðmiðsréttmæti.** Hlutfylgni orðaforða við önnur próf sem lögð voru fyrir í rannsókninni var athuguð, og áhrif aldurs tekin út. Ástæða þess að áhrif aldurs voru tekin út er sú að fylgni milli sumra verkefna var talsvert meiri með áhrifum aldurs. Í þessari rannsókn er aðeins ætlunin að skoða tengsl orðskilnings og frammistöðu á öðrum prófum, ekki fylgni aldurs og þroska eða getu. Hjá þátttakendum fæddum 2004 var marktæk fylgni milli orðskilningsprófs og stafsetningar; orðskilningsprófs og lestur orða og orðskilningsprófs og lesskilnings (sjá töflu 14). Hins vegar var ekki fylgni milli orðskilnings og sjálfsstjórnar. Hjá þátttakendum sem fæddir eru 2002



reyndist vera fylgni milli orðskilningsprófs og stafabekkingar; orðskilningsprófs og þátíðarprófs; orðaskilningsprófs og hlustunarskilningur og orðskilningsprófs og prófs sem reynir á keningu um hugann (theory of mind) (sjá töflu 15). Hins vegar var ekki fylgni milli orðskilnings og lesturs bullorða, né orðskilnings og sjálfstjórnar.

**Tafla 14.** Hlutfylgni milli orðaforðaprófs og annarra mælitækja hjá börnum fædd 2004.

	<b>orðaforði</b>
<b>Stafabekking</b>	0,23*
<b>Hlustunarskilningur</b>	0,205*
<b>Þátíðarpróf</b>	0,328**
<b>Head to toe, sjálfstjórnarpróf</b>	0,194
<b>Day &amp; night, sjálfstjórnarpróf</b>	0,185
<b>Theory of mind</b>	0,429**
<b>Sjálfstjórn, kennaralisti</b>	0,138


\* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ .

**Tafla 15.** Hlutfylgni milli orðaforðaprófs og annarra mælitækja hjá börnum fædd 2002.

	<b>orðaforði</b>
<b>Stafsetning</b>	0,389**
<b>Lestur raunorða</b>	0,331**
<b>Lestur bullorða</b>	0,123
<b>Lesskilningur</b>	0,409**
<b>Sjálfstjórn, kennaralisti</b>	0,095
<b>Head to toe, sjálfstjórnarpróf</b>	0,102

\* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ .

**Áhrif aldurs..** Skv. einhliða dreifigreiningu var munur á meðalfjölda stiga eftir fæðingarári,  $F(1,217)=181,35$ ,  $p<0,001$ , þátttakendur fæddir 2002 voru að meðaltali með 118,89 stig (*sf* 17) en þátttakendur fæddir 2004 með 86,2 stig (*sf* 18,7). Á mynd 5 má sjá kassarit af dreifingu svara hjá aldurshópunum tveimur. Fylgni aldurs í mánuðum við fjölda stiga er 0,676,  $p<0,001$ .



**Mynd 5.** Dreifing stiga eftir fæðingarári.


Samband aldurs í árum og fjölda stiga allra þátttakenda var skoðað með línulegri aðhvarfsgreiningu. Samkvæmt henni skýrir fæðingarár 45,5% af heildardreifingu stiga og gera má ráð fyrir að við hvert aldursár aukist frammistaða um 16,34 stig,  $p < 0,001$ .

**Tafla 16.** Meðalfjöldi stiga eftir aldurshópum á þýddu og staðfærðu orðskilningsprófi

fæðingarár	aldur í mánuðum	N	Meðalfjöldi stiga	Staðalfrávik
2004	52-57	46	82,22	19,7
2004	58-64	61	89,21	17,5
2002	75-80	46	118,39	15,87
2002	81-88	64	119,43	18,32

Þátttakendum var skipt í sex til átta mánaða aldurshópa (sjá töflu 16). Samkvæmt einhliða dreifigreiningu er ekki marktækur munur á frammistöðu 52-57 og

58-64 mánaða gamalla barna. Það er heldur ekki munur á frammistöðu 75-80 og 81-88 mánaða barna. Á mynd 6 má sjá dreifingu stiga eftir aldri þegar þátttakendum í skipt í 6-8 mánaða aldurshópa.



**Mynd 6.** Dreifing stiga eftir aldri á 6-8 mánaða aldursbilum


Til samanburðar má skoða meðalfjölda stiga sömu aldurshópa í stöðlunarúrtaki bandarískrar útgáfu PPVT-4, sjá töflu 17.

**Tafla 17.** Meðalfjöldi stiga eftir aldurshópum stöðlunarúrtaki bandarískrar útgáfu PPVT-4.

aldur í mánuðum	N	Meðalfjöldi stiga	Staðalfrávik
52-57	100	78,6	22,0
58-64	110	82,2	23,1
72-77	125	98,2	20,6
81-88	125	103,5	24,2

Þegar skipt er í enn þrengri aldursbil má sjá sveiflur í frammistöðu eftir aldri. Mynd 7 sýnir kassarit af dreifingu stiga á þriggja mánaða aldursbilum Þar sést til dæmis að meðalstigafjöldi 58-60 mánaða gamalla bara er hærri (91,7 stig, *sf* 16,57) heldur en meðalstigafjöldi 61-64 mánaða gamalla barna (86,7 stig, *sf* 18,25). Einnig

að meðalstigafjöldi barna sem eru 75-81 mánaða (123,08 stig, *sf* 14,49) er hærri en barna sem eru 82-88 mánaða (117,92, *sf* 20,21).



**Mynd 7.** Dreifing stiga eftir aldurshópum á 3-4 mánaða aldursbilum.

**Gólf- og rjáfuráhrif.** Samkvæmt niðurstöðum forprófunar 3 lítur ekki út fyrir að gólf- eða rjáfuráhrifum sé fyrir að fara í þýddu og staðfærðu mælitæki þegar prófið er lagt fyrir börn á þeim aldri sem hér var prófaður (4 ára og 4 mánaða til 7 ára og 4 mánaða). Allir þátttakendur gátu svarað fyrstu atriðum prófisins rétt og sá þátttakandi sem var með fæst stig fékk 35 stig, þannig að gólfáhrif eru ekki til staðar. Enginn þátttakandi svaraði öllum atriðum rétt, en sá þátttakandi sem fékk flest svaraði 150 atriðum rétt. Rjáfuráhrif eru því heldur ekki fyrir hendi.

## Umraeda

Lítið er til af íslenskum orðaforðaprófum sem nota má við mat á frávikum eða við rannsóknir á málþroska. Íslenskir talmeinafræðingar, sérkennarar og sálfræðingar hafa þurft að notast við ýmiss konar matstæki, misvönduð. Sum jafnvel þýdd beint úr erlendum tungumálum en óstaðfærð og óstöðluð.

Frávik frá málþroska eru algeng og geta haft mikil áhrif á líf barna fram á fullorðinsár. Rannsóknir hafa sýnt að því fyrr sem unnt er að grípa inn þegar málþroski viku frá meðallagi þeim mun betra. Snemmtæk íhlutun getur minnkað líkur verulega á því að frávik hlaði utan á sig og valdi barni námsörðugleikum og félagslegum erfiðleikum til langframa. Mikil þörf er því á að ný og faglega unnin matstæki til líti dagsins ljós hérlandis.

Peabody picture vocabulary test, 4. útgáfa (PPVT-4) er orðskilningspróf sem er mikið notað við rannsóknir á málþroska og læsi, bæði í ensku- og spænskumælandi löndum. Áreiðanleiki og réttmæti prófsins þykir gott og það er fljótlegt í fyrirlögn. Auk þess hentar það vel til að prófa ung börn þar sem ekki reynir á að próftaki tjái sig, hann þarf eingöngu að hlusta á prófanda segja orð og benda á þá mynd af fjórum mögulegum sem hann telur passa við orðið (Dunn og Dunn, 2007). Af þessum ástæðum var ákveðið að þýða og staðfæra orðaforðaprófið fyrir íslensk börn á aldrinum 4-8 ára í þeim tilgangi að nota mælitækið við langtímarannsókn á þroska, máli og læsi leik- og grunnskólabarna.

Farið var eftir leiðbeinandi reglum úr grein Einars Guðmundssonar (2005-2006) við þýðingu og staðfærslu prófsins. Tveir þýðendur, cand. psych. nemi sem hefur unnið við nokkrar rannsóknir á málþroska annars vegar og prófessor í málvísindum og þroskasálfræði hins vegar, þýddu atriði PPVT-4 hvor í sínu lagi. Þriðji aðili, lektor í þroskasálfræði og sérfræðingur í lestrarnámi, fór yfir þýðinguna og fundaði með þýðendunum tveimur. Staðfærslur atriða gerðu þýðendurnir þrír í sameiningu. Allir sem að þýðingu komu voru því að einhverju leyti sérfróðir um málþroska barna. Æskilegt hefði verið að þýðendur væru tvítyngdir, en svo var þó ekki.

Vinnsla prófsins fór fram í þremur forprófunum auk aðalfyrirlagnar. Um forprófanirnar þrjár hefur verið fjallað í umræðuköflum gagnasafna 1-3.

Niðurstöður aðalfyrirlagnar á þýddu og staðfærðu orðskilningsprófi sýndu að prófið greinir mun á börnum eftir aldri. Munur var á frammistöðu barna eftir því hvaða ár þau voru fædd, en hins vegar reyndist ekki vera munur á frammistöðu þegar börnum var skipt í sex mánaða aldurshópa innan árgangs. Sennilegt má þó telja að ef úrtak hefði verið stærra hefði verið munur á frammistöðu milli smærri aldurshópa, enda er úrtaksskekkja meiri eftir því sem þátttakendur eru færri .

Dreifingreining gaf til kynna að fæðingarár skýri 45,5% af heildardreifingu stiga og að við hvert aldursár aukist frammistaða um 16,34 stig. Fleiri þættir en aldur eru því skýringar aukins orðaforða, til dæmis mætti hugsa sér að þar ættu bæði erfðaþættir og örvun úr umhverfi líka heima.

Prófið virðist vera næmt á bæði getulítil börn með snauðan orðaforða og börn með ríkulegan orðaforða, ef börn á aldrinum fjögurra til átta ára eru prófuð. Ekkert barn svaraði engu atriði rétt, ekki einu sinni neitt þriggja ára barnanna í forprófun 2. Það er augljóslega nóg af léttum atriðum á prófinu, gólfáhrif ekki til staðar. Ekki eru heldur vísbendingar um rjáfuráhrif í þeim aldurshópum sem prófaðir voru. Elstu börnin svörðuðu þó það mörgun atriðum rétt að ef spá aðhvarfsgreiningar um aukningu orðaforða við hvert aldursár á við rök að styðjast munu líklega koma fram rjáfuráhrif ef prófið er lagt fyrir börn sem eru 1-2 árum eldri en þátttakendur rannsóknarinnar. Rannsóknir hafa þar að auki sýnt að eftir því sem börn eldast, hraðar á orðaforðanámi þeirra (Bloom, 2000). Því má gera ráð fyrir að aukning orðaforða eftir átta ára sé talsvert meiri en aðhvarfsgreining spáir fyrir um. Eigi að nota þetta próf fyrir börn sem eru eldri en 7-8 ára er því þörf á að bæta við fleiri og þyngri atriðum við til að það greini á milli þeirra barna sem eru með mestan orðskilning.

Áreiðanleiki og réttmæti þýdds og staðfærðs orðskilningsprófs var metið á ýmsa vegu. Helmingunaráreiðanleiki reyndist vera mjög hár, jafn hár og hærri en

helmingunaráreiðanleiki bandarískrar útgáfu og gefur það vísbendingu um innri stöðugleika mælitækisins. Alfastuðull, sem greinir einnig innri stöðugleika, var ekki reiknaður vegna þess að hann krefst þess að allir þátttakendur svari öllum atriðum. Svo var ekki í þessu tilviki þar sem þátttakendur hættu svörun eftir að 7 villur höfðu verið gerðar í röð. Gagnlegt hefði verið að athuga endurprófunaráreiðanleika, en því miður var ekki ráðrúm til að prófa þátttakendur aftur.

Viðmiðs-/innihaldsréttmæti var metið út frá hlutfylgni milli frammistöðu á orðskilningsprófinu og frammistöðu á öðrum prófum sem lögð voru fyrir í rannsókninni. Aldur og þroski haldast almennt séð í hendur og því þótti skynsamlegt að reikna hlutfylgni þar sem áhrif aldurs voru tekin út. Prófin sem lögð voru fyrir voru í fyrsta lagi ýmiss konar málþroska- og lestrarpróf, í öðru lagi sjálfstjórnarpróf og spurningalisti til kennara um sjálfstjórn þátttakenda og í þriðja lagi próf sem metur skilning þátttakenda á hugsunum annarra (e. theory of mind).

Hjá þátttakendum sem fæddir voru 2002 var fylgni milli orðskilningsprófsins og prófa sem reyndu á stafsetningu, á lestur orða og á lesskilning. Hins vegar var ekki fylgni milli frammistöðu á orðskilningsprófi og sjálfstjórnar. Fylgni milli frammistöðu á orðskilningsprófinu og öðrum málþroskaprófum en ekki milli orðskilningsprófs og sjálfstjórnarprófa styðja það að prófið meti málþroska. Fylgnin var þó ekki mikil, eða á bilinu 0,331-0,409, mest milli orðskilnings og lesskilnings. Athuganir á viðmiðsréttmæti bandarískrar útgáfu PPVT-4 hafa sýnt svipaðar niðurstöður. Við rannsókn á réttmæti var PPVT-4 lagt fyrir tæplega 500 börn sem einnig tóku lestrarprófið *The Group Reading Assessment and Diagnostic Evaluation*. Lestrarprófið skiptist í marga þætti, en þeirra á meðal eru þættirnir *orðalestur* og *skilningur á setningum* sem ef til vill má bera saman við prófanir á lestri raunorða og lesskilningi. Fylgnistuðlar voru ekki ósvipaðir íslenskum fylgnistuðlum. Hjá börnum í

öðrum bekk (grade 2) var fylgni milli frammistöðu á PPVT-4 og lesturs orða 0,24 og fylgni milli PPVT-4 og skilnings setninga var 0,43.

Hjá yngri þátttakendum (f. 2004) var fylgni milli frammistöðu á orðskilningsprófi og á prófum sem mátu stafabekkingu ( $r^2=0,23$ ), hlustunarskilning ( $r^2=0,205$ ) kunnáttu á þátíðarbeygingu ( $r^2=0,328$ ) og prófs sem mat skilning á hugsunum annarra ( $r^2=0,409$ ). Ekki var fylgni milli orðskilnings og sjálfstjórnar. Þessar niðurstöður eru einnig í takt við rannsóknir á PPVT-4, þar sem fylgni milli orðskilnings og hlustunarskilnings hjá fjögurra ára börnum var 0,45. Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem orðaforði eykst þróast málfræðinotkun barna (Byrnes og Wasik, 2009). Einnig hafa rannsóknir sýnt tengsl milli orðaforða og þess að átta sig á hugsunum annarra (*theory of mind*) (Bloom, 2000).

Niðurstöður þessar um hlutfylgni styðja þá hugmynd að þýtt og staðfært mælitæki meti í raun og veru skilning barna á orðum. Enn frekari upplýsingar um innihaldsréttmæti prófsins hefðu fengist ef annað mælitæki sem metur orðaforða hefði verið lagt fyrir þátttakendur, til dæmis undirpróf úr WISC-4. Við réttmætisathuganir á bandarískri útgáfu PPVT-4 voru niðurstöður bornar saman við ýmis orðaforðapróf. Samanburðurinn sýndi mjög háa fylgni ( $>0,8$ ).

PPVT-4 byggist á því að þyngdarröð atriða sé rétt. Prófið byrjar á léttum atriðum og þyngist jafnt og þétt. Byrjunar- og stoppreglur prófsins ganga út frá þessari þyngdarröðun og eigi prófið að meta orðskilning barna með áreiðanlegum hætti verður hún að vera rétt. Þyngd atriða var endurskoðuð eftir allar þrjár forprófanir. Þegar niðurstöður aðalfyrirlagnar eru skoðaðar sést að þrátt fyrir þá vinnu sem lögð var í að raða atriðum í þyngdarröð en enn talsvert um að orð séu rangt staðsett í þyngdarröðinni miðað við meðaleinkunn þátttakenda fyrir atriðin. Til að ná nákvæmari þyngdarröð hefði þurft að prófa mun fleiri börn. Einnig hefði verið



heppilegra að prófa börn á fleiri aldursbilum milli 4 og 8 ára en gert var. Eftir því sem þátttakendur eru fleiri og úrtak líkara þýði, þeim mun minni verður skekkjan við úrvinnslu. Bandarísk útgáfa PPVT-4 var forprófuð tvisvar sinnum á samtals 2300 þátttakendum, sem voru á aldrinum 2 ára og 6 mánaða til 21 árs. Ef einungins er skoðaður aldurinn 4-8 ára, voru 767 börn prófuð. Ætla má að sambærilegur hópur barna hérlendis hefði veitt upplýsingar sem gæfu mun nákvæmari þyngdarröð. Hitt ber að athuga að þyngdarröðin sem komin er á þýtt og staðfært orðaforðapróf eftir þrjár forprófanir er mun betri en hún var þegar atriðin höfðu eingöngu verið þýdd en ekki forprófuð. Einnig er vert að benda á að þrátt fyrir að orðin séu ekki í fullkominni þyngdarröð hreyfast þau almennt ekki meira en sem nemur einni blokk í prófinu og flest atriði hreyfast mun minna.

Út þeim niðurstöðum sem liggja fyrir um þýtt og staðfært orðskilningspróf er hægt að fullyrða að mælitækið bætir flóru sálfræðilegra prófa á hérlendis. Þó er nauðsynlegt að taka fram að til að mælitækið verði nothæft við mat á þroska barna í samanburði við jafnaldra þeirra á Íslandi er nauðsynlegt að það verði staðlað hérlendis. Bandarískir staðlar PPVT-4 eru ónothæfir hérlendis og gefa engar upplýsingar sem gagn er af. Næsta skref í þróun orðskilningsprófsins er því að leggja það fyrir stöðlunarúrtak.

## Heimildaskrá

- Anastasi, A. og Urbina, S. (1997). *Psychological Testing* (7. útg). Upper Saddle River, New Jersey: Prentice Hall.
- Beck, I. L., Perfetti, C. A., & McKeown, M. G. (1982). Effects of long-term vocabulary instruction on lexical access and reading-comprehension. *Journal of Educational Psychology*, 74, 506-521
- Biemiller, A. (1999). *Language and reading success*. Cambridge, Massachusetts: Brookline Books.
- Bjartey Sigurðardóttir (2010). Sérþækir lesskilningserfiðleikar – falinn vandi? *Talfræðingurinn*, 21(1), 17-19.
- Bloom, P. (2000). *How Children Learn the Meanings of Words*. Cambridge: The MIT Press.
- Byrne, B., Fielding-Barnsley, R. & Ashley, L. (2000). Effects of preschool phoneme identity training after six years: *Outcome level distinguished from rate of response*. *Journal of Educational Psychology*, 92, 659–667.
- Byrnes, J.P. og Wasik, B.A. (2009). *Language and Literacy Development: What educators need to know*. New York: The Guildford Press.
- Dunn, L.M. og Dunn, D.M. (2007). *Peabody Picture Vocabulary Test, Fourth Edition: Manual*. Minneapolis: Pearson.
- Cain, K., Oakhill, J., & Bryant, P. (2004). Children's reading comprehension ability: Concurrent prediction by working memory, verbal ability, and component skills. *Journal of Educational Psychology*, 96, 31-42.
- Einar Guðmundsson (2008). *WPPSI-R<sup>IS</sup>: Fræðilegur grundvöllur og túlkun*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Einar Guðmundsson (2005-2006). Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa. *Sálfræðiritið - Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 10.-11. , 23-40.
- Einar Guðmundsson (1996). *Þroskamat*. Reykjavík: Ritroð uppeldis og menntunar.
- Einar Guðmundsson (1991). Áreiðanleiki og túlkun niðurstaðna á sálfræðilegum prófum. *Sálfræðiritið - Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 2, 113-114.

- Einar Guðmundsson, Ásdís Claessen, Berglind Ásgeirsdóttir og Birgir Þór Guðmundsson (2005-2006). Notagildi erlendra staðla við túlkun niðurstaðna úr WISC-III á Íslandi. *Sálfræðiritið - Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 10.-11., 41-49.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson (1997). *Íslenski þroskalistinn: Handbók*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Einar Guðmundsson, Sigurgrímur Skúlason og Soffía Salvardsdóttir (2006). *WISC-IV<sup>IS</sup>: Mælifræði og túlkun*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Eyrún Kristína Gunnarsdóttir (2003). *Orðalykill: Staðlað orðaforðapróf fyrir börn á grunnskólaaldri*.
- Elín Þöll Þórðardóttir (1998). *Orðaskil - Málþroskapróf*. Reykjavík: Framsaga.
- Geisinger, K.F. (1994). Cross-cultural normative assessment: Translation and adaptation. Issues influencing the normative interpretation of assessment instruments. *Psychological Assessment*, 6 (4), 304-312.
- Goswami, U. (2001). Early phonological development and the acquisition of literacy. Í S.B. Neuman og D.K. Dickinson (ritstj.), *Handbook of early literacy research* (bls. 111-125). New York: Guildford Press.
- Goswami, U. og Bryant, P. (1990). *Phonological skills and learning to read*. Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu: Sögubýggjinn og samloðun í frásögnum 165 fimm ára barna – almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 139-159.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir (2009). Málþroski, sjálfstjórn og læsi fjöggra og sex ára íslenskra barna: Kynning á nýrri rannsókn og fyrstu niðurstöður. Í Gunnar Þ. Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X, Félags- og mannvísindadeild*, 645-657. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- <http://psychcorp.pearsonassessments.com/HAIWEB/Cultures/enus/Productdetail.htm?Pid=PAa30700>), sótt 13. desember 2010.
- Ingibjörg Símonardóttir og Einar Guðmundsson, (1996). TOLD-2I. Málþroskapróf. Handbók. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.
- Ingibjörg Símonardóttir, Einar Guðmundsson, Sigurgrímur Skúlason og Sigríður Pétursdóttir, (1995). TOLD-2P. Málþroskapróf. Handbók. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.
- International Test Commission (2000). *ITC Guidelines on Adapting Tests*. Sótt, 13. desember 2010 af <http://www.intestcom.org/guidelines/index.php>.

- Íslensk orðabók (2002). Ritstj. Árni Böðvarsson. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Liberman, I.Y. og Shankweiler, D. (1991). Phonology and beginning reading: A tutorial. Í L. Rieben og C.A. Perfetti (ritstj.), *Learning to read: Basic research and its implications*, 3-17. Hillsdale: Lawrence Erlbaum Associates, Publishers.
- Lundberg, I. og Höien, T. (1991). Initial enabling knowledge and skills in reading acquisition: Print awareness and phonological segmentation. Í D.J. Sawyer og Fox, B.J. (ritstj.), *Phonological awareness in reading: The evolution of current perspectives*, 73-95. New York: Springer Verlag.
- Metsala, J. og Walley, A. (1998). Spoken vocabulary growth and the segmental restructuring of lexical representations: Precursors to phonemic awareness and early reading ability. Í J. Metsala og L. Ehri (ritstj.), *Word recognition in beginning literacy* (bls 89-120). Mahwah, NJ: Erlbaum.
- Nation, K., Clarke, P., Marshall, C. M., & Durand, M. (2004). Hidden language impairments in children: Parallels between poor reading comprehension and specific language impairment. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 47, 199-211.
- Pankratz, M., Morrison, A. og Plante, E. (2004). Difference in Standard Scores of Adults on the Peabody Picture Vocabulary Test (Revised and Third Edition). *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 47(3), 714-718.
- Pearson, P.D., Hiebert, E.H. og Kamil, M.L. (2007). Vocabulary assessment: What we know and what we need to learn. *Reading research quarterly*, 42 (2), bls. 282-296).
- Pearson, P.D. og Hamm, D.N. (2005). The history of reading comprehension assessment. Í S.G. Paris og S.A. Stahl (ritstj.), *Children's reading comprehension and assessment* (bls. 13-70). Mahwah, NJ: Erlbaum.
- Ricketts, J., Nation, K. og Bishop, D.V.M. (2007). Vocabulary is important for some, but not all reading skills. *Scientific studies of reading*, 11(3), 235-257.
- Sattler, J. M. (2001). *Assessment of children: Cognitive applications*. San Diego, Jerome M. Sattler, Publisher, Inc.
- Sigurgrímur Skúlason (2005). Hvernig mæla á hugsmíðar með erlendum mælitækjum: Þýðing, og staðfærsla á spurningalistum og prófum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 69-81.
- van de Vijer, F. og Hemberton, R.K. (1996). Translating tests: Some practical guidelines. *European Psychologist*, 1, 89-99.
- van de Vijer, F. og Poortinga, Y.H. (1997). Towards integrated analysis of bias in cross-cultural assessment. *European Journal of Psychological Assessment*, 13, 29-37.

van de Vijer, F. og Poortinga, Y.H. (2005). Conceptual and methodological issues in adapting test. Í R.K. Hambleton, P.F. Merenda og C.D. Spielberger (ritstj.), *Adapting educational and psychological tests for cross-cultural assessment* (39-63). Mahwah, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates.

Vellutino, F.V., Fletcher, J.M., Snowling, M.J. & Scanlon, D.M. (2004). Specific reading disability (dyslexia): *What we have learned in the past four decades*. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 45, 2–40.

Þóra Sæunn Úlfsdóttir (2010). Sértek málþroskaröskun – áhrif á líf einstaklings. *Talfræðingurinn*, 21(1), 23-25.

## Viðauki 1a

Ágæti skólustjóri/leikskólustjóri

Ég heiti Valgerður Ólafsdóttir og er að ljúka cand. psych. gráðu í sálfræði við Háskóla Íslands. Lokaverkefnið mitt snýst um að útbúa orðaforðapróf sem ætlunin er að nota í langtímarannsókn á tveimur 100 barna hópum. Rannsóknin sem hlotið hefur þriggja ára styrk frá Rannís og stýrt er af dr. Hrafnhildi Ragnarsdóttur prófessor ber heitið *Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára*. Hún beinist að því að auka þekkingu á ýmsum þáttum í þroska íslenskra barna á aldrinum fjögurra til átta ára og hvernig þessir þættir tengjast læsisþróun og námsgengi í grunnskóla. Leiðbeinandi minn í verkefninu er dr. Einar Guðmundsson dósent í sálfræði.

Persónuvernd hefur verið tilkynnt um rannsóknina og ekki gert athugasemdir við hana og Menntasvið Reykjavíkur hefur gefið heimild fyrir rannsókninni.

Áður en rannsóknin hefst þarf að forprófa mælitækin sem notuð verða í á litlum hópi barna. Tilgangur þessa bréfs er að leita eftir samþykki þínu um að fá að leggja orðaforðapróf fyrir um það bil 10 börn í Melaskóla sem fædd eru 2003. Niðurstöður verða notaðar við staðfærslu mælitækisins að íslenskum aðstæðum. Ætlunin er að hitta hvert barn einu sinni í leikskólanum í um það bil 10-15 mínútur og sýna því myndir sem það á síðan að nefna. Fyllsta trúnaðar verður gætt við úrvinnslu og persónuupplýsingar ekki tengdar niðurstöðum. Foreldrar þeirra barna sem valin verða til þátttöku munu fá bréf með upplýsingum um rannsóknina og þurfa þeir að skila inn skriflegu samþykki til börn þeirra taki þátt.

Ég mun á næstu dögum hafa frekara samband við þig símleiðis. Þér er einnig velkomið að hafa samband við mig í síma 8207128 eða á netfangið vao2@hi.is ef þú óskar eftir frekari upplýsingum um rannsóknina.

Með kærri þökk,

Valgerður Ólafsdóttir, kandidatsnemi í sálfræði.

## Viðauki 1b

Kæri forráðamaður

Ég heiti Valgerður Ólafsdóttir og er að ljúka cand. psych. gráðu í sálfræði við Háskóla Íslands. Lokaverkefnið mitt snýst um að útbúa orðaforðapróf sem ætlunin er að nota í langtímarannsókn á tveimur 100 barna hópum. Rannsóknin, sem hlotið hefur þriggja ára styrk frá Rannís og stýrt er af dr. Hrafnhildi Ragnarsdóttur prófessor, ber heitið *Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára*. Hún beinist að því að auka þekkingu á ýmsum þáttum í þroska íslenskra barna á aldrinum fjögurra til átta ára og hvernig þessir þættir tengjast læsisþróun og námsgengi í grunnskóla. Leiðbeinandi minn í verkefninu er dr. Einar Guðmundsson dósent í sálfræði.

Áður en rannsóknin hefst þarf að forprófa mælitækin sem notuð verða í nokkrum skólum. Tilgangur þessa bréfs er að leita eftir samþykki þínu um að fá að leggja orðaforðapróf fyrir barnið þitt á skólatíma, en niðurstöður verða notaðar við að staðfæra mælitækið að íslenskum aðstæðum. Ætlunin er að hitta barnið einu sinni í skólanum í um það bil 10 mínútur og sýna því myndir sem það á síðan að nefna. Fyllsta trúnaðar verður gætt við úrvinnslu og persónuupplýsingar ekki tengdar niðurstöðum.

Persónuvernd hefur verið tilkynnt um rannsóknina auk þess sem Menntasvið Reykjavíkur hefur samþykkt hana. Skilyrði fyrir þátttöku barns er að forráðamaður veiti upplýst samþykki. Til að auka þýðingu rannsóknarinnar er mjög mikilvægt að sem flest börn sem valin voru í úrtak taki þátt. Þeir foreldrar sem eiga tvítýngt barn eða barn sem hefur annað móðurmál en íslensku, eru vinsamlegast beðnir að tilgreina það, þar sem að þessu sinni er einungis ætlunin að prófa börn sem hafa íslensku að móðurmáli.

Vinsamlegast komið meðfylgjandi eyðublaði til kennara barnsins þíns eða skólastjóra innan **TVEGGJA SKÓLADAGA**, hvort sem þú veitir samþykki fyrir þátttöku barnsins í rannsókninni eða ekki.

Þér er velkomið að hafa samband við mig í síma 8207128 eða á netfangið vao2@hi.is ef þú óskar eftir frekari upplýsingum um rannsóknina.

Með kærri þökk,

---

Valgerður Ólafsdóttir, kandidatsnemi í sálfræði

## Viðauki 2

### Fyrirmæli:

*Ég ætla að sýna þér fjórar myndir, svo segir ég orð og þú átt að benda á þá mynd sem passar við orðið. Gættu þess að skoða allar myndirnar vel og benda svo.*

*Fyrst tökum við eina æfingu. Barni er sýnt æfingaratriði A. **Hver er að hlæja?** Ef barnið bendir rétt er gott að svara **flott hjá þér!** eða **fint!** Ef barnið svarar ekki rétt er bent á stelpuna sem hlær. **Sjáðu, þessi er að hlæja.** Ef barnið gat ekki svarað fyrstu æfingu þarf að spyrja um annað æfingaratriði. **Hver er að sofa?** Halda skal áfram þar til barn hefur getað svarað æfingaratriði rétt.*

Sama aðferð er notuð við æfingaatriði B.

Þegar æfingu er lokið skal haldið áfram að spyrja á sama hátt. Segja má

**Hvar er \_\_\_\_?** (þegar spurt er um nafnorð)

**Bentu á \_\_\_\_\_** (þegar spurt er um nafnorð)

**Hver er að \_\_\_\_?** (þegar spurt er um sagnir)

**Hver er \_\_\_\_\_ ?** (þegar spurt er um lýsingarorð)

Minntu barnið reglulega á að skoða allar myndirnar fjórar og svara svo!



### Viðauki 3

Meðaleinkunn fyrir hvert atriði atriði í *forprófun 1*. Fyrstu dálkur sýnir meðaleinkunn barna sem fædd eru 2000, annar sýnir meðaleinkunn barna fædd 2002 og þriðji sýnir meðaleinkunn barna sem fædd eru 2004. Fjórði dálkurinn sýnir meðaleinkunn allra barnanna. Atriðum er raðað í þyngdarröð í hverjum dálki þannig að léttustu atriði eru efst og þyngstu neðst.

Í síðasta dálki (sem er skyggður) má sjá þá þyngdarröð sem ákvörðuð var ú frá forprófun 1. Hún var notuð í forprófun 2 og einnig, ásamt gögnum úr forprófun 2, til að ákvarða þyngdarröð atriða fyrir forprófun 3.

Þátttakendur fæddir 2000			Þátttakendur fæddir 2002			Þátttakendur fæddir 2004			Heild			Þyngdarröð atriða í forprófun 2	
Nr. Í PPVT-4	N	Meðal-einkunn	Nr. Í PPVT-4	N	Meðal-einkunn	Nr. Í PPVT-4	N	Mean	Nr. Í PPVT-4	N	Meðal-einkunn	Nr. Í PPVT-4	Þýdd og staðfærð spurning
1	15	1,000	1	15	1,000	2	15	1,000	2	45	1,000	1	Bolti
2	15	1,000	2	15	1,000	3	15	1,000	3	45	1,000	2	Hundur
3	15	1,000	3	15	1,000	6	15	1,000	6	45	1,000	3	Skeið
4	15	1,000	6	15	1,000	8	15	1,000	8	45	1,000	6	Banani
6	15	1,000	8	15	1,000	10	15	1,000	10	45	1,000	8	Bolli
8	15	1,000	10	15	1,000	11	15	1,000	11	45	1,000	10	Rúta
10	15	1,000	11	15	1,000	12	15	1,000	12	45	1,000	11	Blóm
11	15	1,000	12	15	1,000	17	15	1,000	17	45	1,000	12	Munnur
12	15	1,000	13	15	1,000	19	15	1,000	19	45	1,000	17	Rauður
13	15	1,000	14	15	1,000	20	15	1,000	20	45	1,000	19	Gulrót
14	15	1,000	15	15	1,000	21	15	1,000	21	45	1,000	20	Lesa
15	15	1,000	17	15	1,000	25	15	1,000	25	45	1,000	21	Tá
16	15	1,000	19	15	1,000	31	15	1,000	31	45	1,000	25	Dansa
17	15	1,000	20	15	1,000	32	15	1,000	32	45	1,000	31	Tómt
18	15	1,000	21	15	1,000	33	15	1,000	33	45	1,000	32	Glöð
19	15	1,000	22	15	1,000	34	15	1,000	34	45	1,000	33	Eldur
20	15	1,000	23	15	1,000	36	15	1,000	36	45	1,000	34	Kastali
21	15	1,000	25	15	1,000	38	15	1,000	38	45	1,000	36	Kasta
22	15	1,000	26	15	1,000	39	15	1,000	39	45	1,000	38	Mörgæs
23	15	1,000	28	15	1,000	40	15	1,000	40	45	1,000	39	Gjöf
24	15	1,000	30	15	1,000	44	15	1,000	44	45	1,000	40	Fjóður
25	15	1,000	31	15	1,000	46	15	1,000	57	45	1,000	44	Gosbrunnur
26	15	1,000	32	15	1,000	52	15	1,000	64	45	1,000	57	Saga
28	15	1,000	33	15	1,000	57	15	1,000	108	45	1,000	64	Riddari
30	15	1,000	34	15	1,000	64	15	1,000	1	45	,978	108	Draga
31	15	1,000	36	15	1,000	69	15	1,000	13	45	,978	13	Blýantur
32	15	1,000	38	15	1,000	108	15	1,000	14	45	,978	14	Kex
33	15	1,000	39	15	1,000	119	15	1,000	15	45	,978	15	Tromma
34	15	1,000	40	15	1,000	13	15	,933	23	45	,978	23	Fluga
35	15	1,000	41	15	1,000	1	15	,933	28	45	,978	28	Lampi
36	15	1,000	44	15	1,000	4	15	,933	46	45	,978	46	Öxl
38	15	1,000	46	15	1,000	14	15	,933	52	45	,978	52	Grein
39	15	1,000	49	15	1,000	15	15	,933	69	45	,978	69	Klær
40	15	1,000	50	15	1,000	16	15	,933	119	45	,978	119	Skógur
42	15	1,000	52	15	1,000	23	15	,933	137	45	,978	137	strönd
44	15	1,000	53	15	1,000	28	15	,933	133	45	,956	16	Skjaldbaka
47	15	1,000	55	15	1,000	35	15	,933	22	45	,956	145	fótgangandi
49	15	1,000	57	15	1,000	85	15	,933	26	45	,956	4	Fótur
50	15	1,000	59	15	1,000	116	15	,933	49	45	,956	35	Íkorni
53	15	1,000	64	15	1,000	137	15	,933	59	45	,956	120	Kíví
54	15	1,000	77	15	1,000	145	15	,933	92	45	,956	22	Belti

55	15	1,000	79	15	1,000	22	15	,867	124	45	,956	26	Flauta
56	15	1,000	91	15	1,000	24	15	,867	4	45	,956	49	Gægjast
57	15	1,000	92	15	1,000	26	15	,867	35	45	,956	59	Vesti
59	15	1,000	101	15	1,000	42	15	,867	120	45	,956	92	Harpa
64	15	1,000	108	15	1,000	47	15	,867	16	45	,956	124	Brothætt
66	15	1,000	120	15	1,000	49	15	,867	145	45	,956	133	lykta
69	15	1,000	124	15	1,000	59	15	,867	24	45	,933	42	Olnbogi
71	15	1,000	133	15	1,000	60	15	,867	42	45	,933	74	Hópur
73	15	1,000	137	15	1,000	92	15	,867	74	45	,933	24	Mála
74	15	1,000	160	15	1,000	124	15	,867	47	45	,911	79	Öxi
77	15	1,000	210	15	1,000	133	15	,867	60	45	,911	30	Grindverk
79	15	1,000	119	15	,933	74	15	,867	101	45	,911	71	Lengstur
82	15	1,000	4	15	,933	120	15	,867	30	45	,911	47	Vaða
87	15	1,000	7	15	,933	5	15	,800	71	45	,911	60	Ör
89	15	1,000	16	15	,933	70	15	,800	79	45	,911	101	Hreiður
91	15	1,000	18	15	,933	78	15	,800	41	45	,889	18	Hoppa
92	15	1,000	24	15	,933	7	15	,800	50	45	,889	73	Fiðla
101	15	1,000	35	15	,933	29	15	,800	77	45	,889	85	Rostungur
102	15	1,000	42	15	,933	71	15	,800	78	45	,889	50	Reglustika
108	15	1,000	56	15	,933	73	15	,800	138	45	,889	55	Dagatal
109	15	1,000	60	15	,933	94	15	,800	18	45	,889	78	Laukur
115	15	1,000	69	15	,933	110	15	,800	73	45	,889	138	sprauta
116	15	1,000	71	15	,933	27	15	,733	85	45	,889	41	Vefur
119	15	1,000	74	15	,933	30	15	,733	55	45	,867	92	Harpa
120	15	1,000	78	15	,933	41	15	,733	53	45	,867	42	Olnbogi
124	15	1,000	85	15	,933	79	15	,733	91	45	,867	43	Skylmast
126	15	1,000	87	15	,933	100	15	,733	116	45	,867	70	Einkennisbúningur
133	15	1,000	138	15	,933	101	15	,733	160	45	,867	71	Lengstur
137	15	1,000	145	15	,933	126	15	,733	7	45	,867	82	Flokka
138	15	1,000	29	15	,867	138	15	,733	126	45	,867	89	Grípa
145	15	1,000	43	15	,867	18	15	,733	87	45	,867	94	Skelfingu_lostin
146	15	1,000	47	15	,867	50	15	,667	110	45	,867	124	Brothætt
160	15	1,000	54	15	,867	77	15	,667	204	45	,844	49	Gægjast
204	15	1,000	67	15	,867	115	15	,667	27	45	,844	5	Folald
210	15	1,000	72	15	,867	66	15	,667	29	45	,822	67	Snyrta
27	15	,933	73	15	,867	84	15	,667	56	45	,822	114	Grimmd
41	15	,933	89	15	,867	87	15	,667	210	45	,822	115	Brunahani
43	15	,933	102	15	,867	114	15	,667	66	45	,822	50	Reglustika
46	15	,933	110	15	,867	171	15	,667	43	45	,800	73	Fiðla
51	15	,933	121	15	,867	204	15	,667	70	45	,800	79	Öxi
52	15	,933	123	15	,867	43	15	,600	82	45	,800	51	Göng
60	15	,933	126	15	,867	45	15	,600	89	45	,800	54	Tígull
65	15	,933	204	15	,867	53	15	,600	94	45	,800	102	Múra
68	15	,933	27	15	,867	55	15	,600	67	45	,778	41	Vefur
72	15	,933	82	15	,867	67	15	,600	114	45	,778	47	Vaða
78	15	,933	96	15	,867	91	15	,600	115	45	,778	85	Rostungur
86	15	,933	51	15	,800	160	15	,600	5	45	,778	60	Ör
94	15	,933	66	15	,800	161	15	,600	51	45	,756	101	Hreiður
110	15	,933	70	15	,800	104	15	,600	54	45	,756	123	Aðstoða
123	15	,933	103	15	,800	132	15	,600	102	45	,756	132	Nagdýr
148	15	,933	114	15	,800	51	15	,533	132	45	,733	72	Loðinn
168	15	,933	83	15	,733	56	15	,533	123	45	,733	171	Heimilistæki
5	15	,867	132	15	,733	82	15	,533	171	45	,711	138	Sprauta
67	15	,867	139	15	,733	89	15	,533	72	45	,711	45	Háfur
76	15	,867	171	15	,733	97	15	,533	103	45	,689	83	Mitti
83	15	,867	97	15	,733	117	15	,533	45	45	,689	86	Pípulagningamaður
103	15	,867	146	15	,733	130	15	,533	83	45	,689	96	Hjarta
121	15	,867	84	15	,667	65	15	,467	121	45	,689	103	Peningaskápur
127	15	,867	94	15	,667	83	15	,467	96	45	,689	121	Viðtal
132	15	,867	5	15	,667	86	15	,467	146	45	,689	146	Innanhúss
7	15	,867	45	15	,667	113	15	,467	86	45	,689	18	Lyfta

114	15	,867	61	15	,667	203	15	,467	84	45	,667	84	Grænmeti
29	15	,800	86	15	,667	210	15	,467	97	45	,667	97	Ránfugl
45	15	,800	100	15	,667	54	15	,400	100	45	,667	100	Skrúflykill
48	15	,800	115	15	,667	63	15	,400	168	45	,644	168	Gjaldmiðill
70	15	,800	116	15	,667	81	15	,400	127	45	,622	81	Skorsteinn
85	15	,800	134	15	,667	96	15	,400	65	45	,622	141	Mölva
99	15	,800	159	15	,667	103	15	,400	109	45	,600	134	Hlekkir
118	15	,800	48	15	,600	127	15	,400	117	45	,600	65	Afhenda
139	15	,800	117	15	,600	144	15	,400	139	45	,600	127	Ráðalaus
9	15	,800	118	15	,600	168	15	,400	48	45	,578	61	Flysja
96	15	,800	127	15	,600	102	15	,400	68	45	,578	109	Farangur
81	15	,733	168	15	,600	141	15	,400	144	45	,556	117	Pálmatré
